

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is
Netverslun



Sniðug lausn

Sverrir Ásgeirsson vöruhönnuður
hefur hannað skáp sem felur
rafmagnssnúurnar á heimilinu.

FÓLK



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

12. nóvember 2012
266. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeimfréttakönnun Capacent Gallup í maí - mars 2012



Sökktu Pétri Ben

Dóri og Jónas stungu Pétri Ben á kaf við tókur fyrir plötuumslag.

tónlist 30

Heilluð af mokka

Iðnhönnuðurinn Sigga Heimis hannar fatnað og fylgihluti úr mokaaskinni.

tíska 30




Leitar á ný mið

Björgvin Páll Gústavsson fer frá þýska liðinu Magdeburg að tímabilinu loknu.

sport 24

veðrið í dag



HVASST Á LANDINU Í dag má búast við SA- og A-áttum, 10-18 m/s en heldur hvassara í námunda við fjöll, einkum sunnan Vatnajökuls og undir Eyjafjöllum. Töluverð úrkoma S-til og síðar austanlands.

VEÐUR 4

Grunur um nauðgunarlyf í 41 máli síðustu þrjú árin

Prátt fyrir að á árunum 2009 til 2011 hafi 41 sinni vaknað grunur um að konum hafi verið byrðuð ólyfjan í aðdraganda nauðgana hafa slík lyf aldrei greinst. Fórnlömbin koma of seint og ummerkin hverfa fljótt.

LÖGREGLUMÁL Aldrei hefur tekist að sanna að þolanda kynferðisofbeldis hafi verið byrðuð nauðgunarlyf á Íslandi. Þetta segir Jakob Kristinnsson, prófessor í eiturefnafræði, sem hefur fengið sýni til rannsóknar frá lögreglunni í hvert sinn sem grunur vaknar um slíkt.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kveðst ekki draga í efa að lyf af þessu tagi séu notuð í þessum tilgangi. Ástæða þess að þetta hefur aldrei sannast sé hins vegar sú að sum lyfjanna hverfa mjög fljótt úr blóðinu og séu illgreinanleg. Með nauðgunarlyfjum er átt við lyf á borð við róhypnól, smjörσύru og ketamín.

Jakob Kristinnsson segir það reyndar lífseiga þjóðsögu að frægasta lyfið, róhypnól, sé svo óskaplega fljótt að hverfa úr fórnarlömbunum. Sé það tekið í nógu miklu magni til að fólk verði rænulaust þá greinist það í

nokkra daga á eftir. Vandamálið sé frekar það að fórnarlömb nauðgunar sem grunar að þeim hafi verið byrðuð lyf leiti ekki til lögreglu fyrr en að þessum nokkrum dögum liðnum.

Rannsóknir á blóðsýnum þeirra sem telja sér hafa verið byrðuð eitur hófust fyrir aldamót og hafa nokkur slík sýni borist Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræðum árlega síðan. Í fyrra barst 21 sýni, sex árið 2010 og fjórtán árið 2009, eða samtals 41 sýni á þremur árum án þess að tekist hafi að sýna fram á að fyrrgreind efni hafi verið í fórnarlömbunum.

„En það er reyndar eitt lyf sem finnst býsna oft,“ segir Jakob. „Það er áfengi. Áfengi er algengasta nauðgunarlyfið.“

- sh / sjá síðu 10



Áfengi er algengasta nauðgunarlyfið.

JAKOB KRISTINSSON
PRÓFESSOR Í EITUREFNAFRÆÐI



Helstu nauðgunarlyfin

RÓHYPNÓL

Svefn- og deyfilyf í töfluformi sem notað er við margvíslegum kvillum.

SMJÖRSÝRA

Sljógandi lyf í duft- eða vökvaformi sem er fyrst og fremst selt á ólöglegum markaði.

KETAMÍN

Mjög öflugt deyfilyf í vökva- eða duftformi.



SKÝR SKILABÖÐ

Þorsteinn Davíðsson graffari var að dytta að verki sínu við Borgarbókasafnið í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið hjá. „Orðið er frjálst“ er slagorð bókmenntaborgarinnar en Reykjavík var valin ein af bókmenntaborgum Unesco í fyrra. „Ég er óskaplega hrifin af þessu slagorði og mér finnst það eiga vel við á Borgarbókasafninu,“ segir Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður. Björn Unnar Valsson, starfsmaður safnsins, átti hugmyndina að slagorðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þú leggur
línurnar
létt&laggott



Norska lögreglan vill fá heimild til að bera sýnileg skotvopn við dagleg störf: Íslenska lögreglan yrði ein vopnlaus

LÖGREGLUMÁL Kröfur norskra lögreglumanna um að fá að bera sýnileg skotvopn við dagleg störf verða ræddar á stjórnarfundum Landssambands lögreglumanna hér á landi, sem haldinn verður á miðvikudag.

„Ég mun gera stjórninni grein fyrir því sem fram kom á fundinum og væntanlega verða umræður um það hver næstu skref verða hjá okkur,“ segir Snorri Magnússon, formaður íslenska landssambands-

ins, nýkominn af landsfundi norsku lögreglufélaganna.

„Verði þetta að veruleika í Noregi þá verður Ísland eitt Norðurlandanna eftir án heimildar fyrir lögreglumenn til að bera skotvopn,“ segir Snorri.

Í Noregi hafa lögreglumenn um nokkurra ára skeið verið með skotvopn í læstum kistum í bílnum hjá sér en geta aðeins opnað kistuna ef þeir fá til þess sérstakt leyfi.

Til þessa hefur ekki verið vilji til þess meðal norskra lögreglumanna að fá að bera skotvopn, en á landsfundinum snerist sú afstaða við. Norsk stjórnvöld hafa þó úrslitavald í málinu.


Snorri segir að í könnun, sem gerð var meðal íslenskra lögreglumanna nýverið, hafi komið fram skýr vilji til þess að fá aukið aðgengi að skotvopnum með svipuðu fyrirkomulagi og nú er í Noregi.

- gb

ÞÚ LEGGUR HANA
EKKI FRÁ ÞÉR!

www.forlagid.is

EFTIR
HÖFUND
DÁVALDSINS



NÝ
KILJA

KEPLER

Windows 8



TOSHIBA Toshiba C850-19D

Hagkvæm Windows 8 fartölva sem hentar vel fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. 15,6" skjár, Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320 GB harður diskur.

79.990

tl.is
TÖLVU
LISTINN



Egill, er uppá ykkur typpið?

„Það stendur ekki á okkur.“

Egill Örn Jóhannsson er framkvæmdarstjóri Forlagsins og hefur boðað eróttisk bókaþól árið 2013.

Tveir piltar handteknir í gær: Grunur um kynferðisbrot gegn 16 ára stúlku

LÖGREGLUMÁL Tveir piltar um tví-tugt voru handteknir um átta-leytið í gærmorgun grunaðir um kynferðisbrot gagnvart sextán ára stúlku.

Stúlkan, sem hafði verið gestkomandi í húsi á Skólavörðuholti aðfaranótt sunnudags, leitaði á neyðarmóttöku Landspítalans fyrir þöndur kynferðisofbeldis og í kjölfarið var lögreglan kölluð til og piltarnir handteknir.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar mun rannsaka málið. - kh

Óhugnaður í Växjö í Svíþjóð: Dreng nauðgað af hópi manna

SVÍÞJÓÐ Lögreglan í Växjö í Svíþjóð leitar fimm til sex manna sem sautján ára drengur segir hafa nauðgað sér við kirkjugarð á föstudagskvöld.

Drengurinn var á leið heim seint á föstudagskvöld þegar ráðist var á hann, að því er fram kemur í dagblaðinu Smálandsposten. Lögregla skoðaði svæðið þar sem hann sagði árásina hafa átt sér stað og var stórt svæði girt af um helgina.

Nokkrir hafa verið yfirheyrðir vegna málsins, en enginn handtekninn. Lögregla hefur einnig beðið möguleg vitni um að gefa sig fram. - þeb

BRUNI

Eldur í klæðningu

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út að Héðinsgötu um hádegisbil í gær þar sem eldur logaði í klæðningu húss. Slökkviliðið náði að slökkva eldinn áður en hann breiddist út og eru skemmdir óverulegar. Eldurinn kom upp þegar iðnaðarmann unnu að viðgerð á húsinu.

Óljóst um upphaf millistigs almenns skóla og sérskóla fyrir þroskahömluð börn:

Þáttökubekkir ekki komnir á áætlun

SKÓLAMÁL Svokallaðir þáttökubekkir fyrir þroskahamlaða sem menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í janúar í fyrra að komið yrði á fót eru enn ekki komnir í framkvæmd.

Klettaskóli er valkostur fyrir börn með sérþarfir. Þáttökubekkir yrðu millistig milli Klettaskóla og almennra skóla og í umsjón Klettaskóla.

„Mjög líklega yrði markhópurinn börn sem gætu bæði verið í Klettaskóla og almennum grunnskólum,“ segir Ragnar Þorsteinson, sviðsstjóri skóla- og frí-



RAGNAR ÞORSTEINSSON

ir Ragnar á að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár verði

stundasviðs Reykjavíkur.

Þó stefnt hafi verið að því að þáttökubekkir væru komnir í gagnið haustið 2013 og að þeir séu inni í ný endurskoðaðri stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar breiddir Ragnar á að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár verði

ekki ljós fyrr en í næsta mánuði. Því sé enn óvíst hvort bekkirnir komist í gagnið á næsta ári.

Þegar endurskoðun stefnunnar var samþykkt samhljóða í skóla- og frístundaráði á miðvikudag sögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins núverandi framkvæmdastjefnunnar umdeilda.

„Meðal annars hefur verið bent á að foreldrar, sem telja að sérskóli henti börnum þeirra betur en heimaskóli, eigi ekki kost á raunverulegu vali milli þessara tveggja kosta,“ sagði í bókun þeirra.

„Þetta gæti verið valkostur fyrir þau,“ svarar Ragnar aðspurður hvort þáttökubekkirnir ständi til boða þroskahömluðum börnum sem í dag falla milli skips og bryggju að því leytnu til að finna sig ekki í almennum skóla en uppfylla ekki inntökuskilyrði í Klettaskóla.

„Inntökureglur fyrir þessa þáttökubekki hafa ekki verið mótaðar enn. Það gætu orðið önnur inntökuskilyrði en í Klettaskóla.“ segir sviðsstjóriinn. - gar

Neita allri vitneskju um kókaín í töskum

Tvær átján ára íslenskar stúlkur sitja í varðhaldi eftir að hafa flutt um þrjú kíló af kókaíni til Tékklands frá Brasilíu. Þær neita sök en margra ára fangelsisvist vofir yfir. Mikil ógæfa og ráðuneytið gerir sitt besta segir utanríkisráðherra.

LÖGREGLUMÁL Um þrjú kíló af kókaíni fundust í töskum tveggja íslenskra stúlkna sem lentu á flugvellingum í Prag á miðvikudag. Stúlkurnar, sem eru báðar átján ára hafa neitað sök í málinu, en voru á föstudag engu að síður úrskurðaðar í sjö mánaða gæsluvarðhald.

Stúlkurnar fóru frá Íslandi í ágúst. Í síðustu viku flugu þær frá Sao Paulo í Brasilíu áleiðis til Prag með viðkomu í München í Þýskalandi. Þrátt fyrir grunsemdir þar um að stúlkurnar hefðu eitthvað misjafnt í fórum sínum voru þær látnar fljúga óáreittrar áfram til Tékklands til að reyna koma yfirvöldum á spor hugsanlegra samverkamanna en sú áætlun gekk ekki eftir. Eftir tímafreka leit á flugvellingum í Prag fannst síðan efnið sem talið er vera kókaín.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa stúlkurnar borið að töskurnar séu gjöf frá Bandaríkjamanni sem þær hafi kynnst á Íslandi. Sá maður var hér á landi þar til honum var vísað á brott þar sem dvalarleyfi hans var útrunnið.

„Þegar tvær átján ára stúlkur lenda í svona ógæfu reynum við auðvitað að bregðast við eins og jafnan,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um aðkomu ráðuneytisins að máli stúlkanna. „Bæði höfum við verið í sambandi við foreldra þeirra og okkar maður á staðnum hefur hitt þær báðar. Einnig höfum við tryggt að þær fái verjendur.“

Stúlkurnar höfðu ætlað frá Tékklandi til Kaupmannahafnar með lest en sitja nú hvor í sínu fangelsinu í Prag. Talið er að þrjár mánuðir hið minnsta líði þar til dómur gengur í máli þeirra. Verði stúlkurnar



EKKI ALLT SEM SÝNIST Tollverðir í Prag leituðu lengi vel í töskum íslensku stúlkanna áður en þeim tókst loks að finna eitruflýin sem hafði verið komið haganlega fyrir í samskeytum og milli laga í töskuefninu sjálfu. MYND/TÉKKNEKKA LÖGREGLAN

sekar fundnar mun lágmarks refsing hljóða upp á fimm til átta ára fangelsisvist.

Útlitið er því ekki bjart og staðan batnar heldur ekki við það að aðbúnaðurinn í tékkneskum fangelsum er fremur slæmur. Þá er enginn framsalssamningur í gildi milli Íslands og Tékklands og því ekki um það að ræða að stúlkurnar fái að afplána hugsanlega dóma hér heima á Íslandi.

Össur Skarphéðinsson segir

mál eins og þetta afar erfið fyrir aðstandendur, ekki síst þegar um sé að ræða kornungt fólk. „Það auðvitað veldur miklu angri. Við erum boðin og búin að gera það sem í okkar valdi stendur til að greiða götu þeirra en því miður getum við ekki hrifið menn út úr fangelsum eða varðhaldi eins og þessar stúlkur hafa verið úrskurðar í – en við gerum okkar besta,“ segir utanríkisráðherra.

gar@frettabladid.is



MEIDDU Breivik segir í bréfinu að handjárninn hafi valdið skurðum á úlnliðum hans. NORDICPHOTOS/AFF

Breivik kvartar undan ýmsu:

Fær ekki nóg smjör á brauðið

NOREGUR Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik kvartar undan ýmsu í 27 blaðsíðna bréfi sem birt var úr í norskum fjölmiðlum um helgina.

Breivik segist meðal annars fá of lítið smjör á brauðið sitt, þurfa að drekka kalt kaffi og fá ekki að geyma rakakrem í klefa sínum. Klefinn sé svo mjög fábrotinn og úr honum sé ekkert útsýni. Þá segir hann handjárn sem hann hafi verið með hafi skorið hann á úlnliðum.

Lögmenn Breivikna hafa sagt að hann telji aðstæðurnar í Ila-fangelsinu brjóta á mannréttindum hans. Þeir hafa staðfest að bréfið sem norskir fjölmiðlar hafa birt sé ósvikið. - þeb

Afnema fituskattinn:

Hafði áhrif á matarverð

DANMÖRK Danska ríkisstjórnin hefur ákveðið að afnema skatt á matvöru sem innheldur mikið magn af mettaðri fitu en ár er síðan skatturinn var lagður á.

Mjólkur- og kjötvörur sem og unnar matvörur féllu undir þennan skattaflokk en yfirvöld segja skattlagninguna hafi haft neikvæð áhrif á matarverð og atvinnu. Skatturinn gerði það að verkum að Danir ferðudust í auknum mæli yfir landamærin og keyptu matvöru í Þýskalandi. - ap

Innanríkisráðherra segir kirkjuna munu rísa undir ábyrgð og svara kalli:

Kirkjan sé óttalaus, staðföst og sterk

TRÚMÁL „Kirkjan verður að umbera þjóðina og þjóðin verður að umbera kirkjuna,“ sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sem flutti ávarp við setningu Kirkjuþings á laugardag.

Ögmundur vísaði til nýlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrármálið. Sagði hann svar þjóðarinnar varðandi kristinn sið hafa verið afgerandi. „Þess vegna verður kirkjan enn um sinn eign þjóðarinnar. Og þjóðin kirkjunnar því þjóðin okkar allra og þjóðin og kirkjan munu fylgjast að í blíðu og stríðu og verða ekki aðskilin,“ sagði ráðherrann og bætti við að þjóðin viti að leiðin út úr vandanum sé „ekki að höggva á rótina til að ganga inn í nýja veröld sögulaus og allslaus“. Næra þurfi arfleifið okkar og menningu og það þurfi kirkjan að gera; óttalaus, staðföst og sterk.

„Það er sú kirkja sem þjóðin ákvað að ætti að vera með okkur um ókominn tíma. Niðurstaða þjóðarinnar er áskorun á hendur kirkjunni. Ég veit að hún mun svara kalli þjóðarinnar; rísa undir þeirri ábyrgð sem ætlast er til að hún axli sem þjóðkirkja,“ sagði innanríkisráðherra.



ÖGMUNDUR JÓNASSON „Það er góð regla að taka málið upp á þúsund ára fresti,“ sagði innanríkisráðherra um umræðu um kristni í landinu. MYND/KIRKJUÞING 2012

Heyrðu mig nú!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Vertu til er vetur kallar á þig

Komdu og fáðu **sex punkta** yfirferð fyrir veturinn hjá fagmönnum. Það er **ókeypis** fyrir eigendur Toyota.



11 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land. Engin vandamál – bara lausnir.

Komdu til viðurkennds þjónustuaðila í nóvember og fáðu sex punkta yfirferð án endurgjalds. Við förum yfir ljósin, rafgeyminn, þurrkurnar, rúðuvökvann, smyrjum lamir og læsingar og setjum sílikon á þéttikanta.

20% afsláttur

af rúðupurrkublöðum, þurrkugúmmíum og bílaperum.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæðið Ásinn
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílaleiga Húsavíkur
Bílaverkstæði Austurlands
Bílageirinn

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Bæjarflöt 13
Skemmuvegi 16
Kalmansvöllum 3
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Garðarsbraut 66
Miðási 2
Grófinni 14a

15% afsláttur

af rafgeymum.

Bókaðu tíma.

210 Garðabæ
603 Akureyri
800 Selfossi
260 Reykjanesbæ
112 Reykjavík
200 Kópavogi
300 Akranesi
400 Ísafirði
550 Sauðárkróki
640 Húsavík
700 Egilsstöðum
230 Reykjanesbæ
570 5070
460 4300
480 8000
420 6610
440 8000
440 8000
431 5050
456 4580
455 4570
464 1888
470 5070
421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Þriggja ára ábyrgð
á Toyota rafgeymum

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,39 129,01
Sterlingspund	204,77 205,77
Evra	163,24 164,16
Dönsk króna	21,883 22,011
Norsk króna	22,372 22,504
Sænsk króna	19,074 19,186
Japanskt jen	1,6195 1,6289

SDR 196,05 197,21

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,0773
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brýr og byggingar hrundu í kröftugum jarðskjálftum sem riðu yfir Búrma:

Minnst tólf látnir eftir harða skjálfta

BÚRMA Að minnsta kosti tólf manns létust og fleiri tugir særðust er kröftugir jarðskjálftar riðu yfir Búrma í gærmorgun.

Fyrri skjálftinn var upp á 6,8 á Richter og átti upptök sín á tíu kílómetra dýpi um 120 kílómetra norður af næststærstu borg landsins, Mandalay.

Snapur eftirskjálfti reið svo yfir sama svæði nokkru síðar sem mældist upp á 5,8 stig. Yfirvöld búast við að fjöldi látinna fari hækkandi.

Sex námuverkamenn létust nærri bænum Sintku er gullnáma

féll saman og nokkurra brúarverkamanna er saknað eftir að hluti Radana Thinga-brúarinnar hrundi er fyrri skjálftinn reið yfir.

Ein kona lést og tíu særðust í bænum Kyauk Myaung eftir að hús og hof eyðilögðust í Mogok að sögn yfirvalda.

Skjálftarnir voru svo kröftugir að þeir fundust í Taílandi. Jarðskjálftar eru algengir í Búrma en íbúar á skjálftasvæðinu óttast nú frekari jarðhræringar á næstu dögum.



ÍBÚAR SKELKAÐIR Tala látinna fer hækkandi í Búrma eftir að kröftugir jarðskjálftar riðu yfir landið í gær.

Tugir þurftu á slysadeild: Óeirðir í Varsjá

PÓLLAND Miklar óeirðir brutust út þegar öfgaþjóðernissinnar héldu í skrúðgöngu um Varsjá í Póllandi í gær.

Talið er að um tuttugu þúsund manns hafi tekið þátt í göngunni sem var haldin í tilefni þjóðhátíðardags landsins. Fjöldi óeirðalög-reglumanna voru í startholunum fyrir gönguna og þurftu að láta til sín taka þegar óeirðaseggir hófu að kasta í þá hlutum og láta öllum illum látum.

Tugir manna þurftu að leita á slysadeild eftir átökin auk þess sem kveikt var í bílum frá tveimur sjónvarpsstöðvum.

Sprenging í Afghanistan: Nýfætt barn og móðir þess á meðal látinna

AFGHANISTAN Móðir og sólarhrings gamalt barn hennar voru meðal þeirra sem létust er sprengja sprakk við vegkant í austurhluta Afghanistan í gær. Sex manns létust í sprengingunni en öll voru þau á leið heim frá spítala í Khost-héraðinu við landamæri Pakistan.

Talsmaður talibana vill ekkert segja um aðild þeirra að sprengingunni en talibana eru þekktir fyrir að koma sprengjum fyrir í vegköntum á þessu svæði.

Umferðarljós óvirk við Grund: Ný gangbrautarljós sett upp

SAMGÖNGUR Vinna hefst við endurnýjun gangbrautarljósa hjá Elliheimilinu Grund við Hringbraut í dag klukkan 9.30. Vegna þessa verður slökkt á ljósunum í þrjá til fjóra daga og umferðarhraði takmarkaður við 30 kílómetra.

Allur ljósa- og stjórnbúnaður verður endurnýjaður og skynjarabúnaður settur upp til að tryggja að rautt ljós logi lengur á móti akandi umferð ef þörf krefur.

Á sama tíma og endurnýja á búnaðinn verður stöðvunarlína bíla-umferðar færð fjær gangbrautinni.

LÖGREGLUMÁL

Tvær líkamsrásir í borginni
Tilkynnt um tvær líkamsrásir í miðborginni um helgina. Sú fyrri var minniháttar en þá var dryavörður í Keiluhöllinni sleginn í andlítið. Seinni árásin varð laust undir morgun á sunnudeginum og var þá maður sleginn á Ingólfstorgi. Þolandinn var fluttur til skoðunar á slysadeild en óvitað er um geranda.

1.250 milljónir fyrir eins árs á leikskóla

Menntamálayfirvöld í Reykjavík létu greina kostnað við að taka börn allt niður í eins árs gömul inn í leikskóla. Það gæti kostað allt að 1.250 milljónum á ári. Formaður skólaráðs segir að kallað hafi verið eftir nánari skoðun á málinu.

SKÓLAMÁL Kostnaður við að bjóða börnum í Reykjavík leikskólaláss í ágúst á öðru ári, ári fyrr en nú er, gæti numið 1.250 milljónum, fyrir utan byggingarkostnað vegna nýbygginga.

Þetta er meðal niðurstaðna teymis sem skóla- og frístundaráð skipaði til að gera úttekt á áhrifum sem slík breyting gæti haft á dagforeldra og stöðu foreldra á vinnumarkaði. Í skýrslunni er miðað við að öllum börnum sem höfðu náð eins árs aldri fyrir ágúst í ár hafi verið boðið pláss í haust.

Þar er um að ræða 740 börn og af þeim voru 400 þegar í vistun hjá dagforeldri. Miðað við að þau börn færu yfir á leikskóla myndi dagforeldrum fækka um helming, eða 80-100. Á móti kemur að bæta þyrfti við 224 stöðugildum á leikskólunum og byggja þyrfti sex ungbarnaleikskóla.

Breytingin gæti þó haft jákvæð áhrif, meðal annars gert foreldrum, sérstaklega mæðrum, auðveldara að fara fyrr út á vinnumarkaðinn að loknu fæðingarorlofi.

Könnun var gerð meðal foreldra barna í dagvistun. Þar kemur meðal annars fram að tæpur helmingur svarenda telur að börn ættu að komast inn á leikskóla átján mánaða eða yngri, en rúmum helmingi finnst að börn ættu að komast inn níttján mánaða og eldri.

Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, segir að það hafi komið sér á óvart því að hún hafi fyrirfram talið að fleiri vildu fá börnin inn fyrir átján mánaða aldur. Í skýrslunni megi



Í LEIKSKÓLA Reykjavíkurborg gerði úttekt á kostnaði við að taka börn inn á leikskóla ári fyrr en nú er gert. Það yrði um 1.250 milljónir, en skólaráð hefur kallað eftir frekari greiningu á hvort hægt sé að taka skref í þá átt á næstu árum.

Hvetur til barneigna

- Í skýrslunni er meðal annars vikið að því að með bættri þjónustu fyrir og börn gæti ýtt frekar undir barneignir borgarbúa og muni einnig sporna við því að þau flytji burt í leit að betri þjónustu.
- Þá voru dagforeldrar innt út í hvort þeim hugnaðist breytt fyrirkomulag, annað hvort með því að vinna beint hjá borginni eða starfa á grundvelli þjónustusamnings. Undir tíu prósent dagforeldra lýstu sig reiðubúin til þess.

líka sjá að stór hópur foreldra sé ánægður með umönnun dagforeldra þegar börnin eru á vissum aldri. Oddný segir skýrsluna fróðlega og margt hægt að vinna upp úr henni. „En þarna er um að ræða mikla fjármuni og við gerum auðvitað ekki ráð fyrir að stíga skrefið til fulls á næsta ári.“ Skóla- og frístundaráð hefur

óskað eftir frekari greiningu á möguleikum til lengri tíma. Meðal annars verði metin áhrif á kynbundinn launamun og atvinnustig kynjanna. Þá verður húsnaðisþörf metin eftir hverfum, en stærsta áskorunin segir Oddný hins vegar að ráða inn starfsfólk til að annast aukinn fjölda barna.



LÉTUST Í ÞYRLUSLYSI Talið er að þoka hafi verið á svæðinu þegar slysið átti sér stað.

Mannfall í Tyrklandi: Sautján létust í þyrluslysi

TYRKLAND Sautján hermenn létust í þyrluslysi í suðaustur Tyrklandi í gær. Samkvæmt þarlandum yfirvöldum lenti þyrlan í slæmu veðri í Siirt-héraðinu sem orsakaði hrapid. Hinir látnu voru meðlimir í tyrknesku sérsveitinni.

Tyrkneska ríkisjónvarpið segir að mikil þoka hafi verið á svæðinu er slysið átti sér stað en hrjóstrugt fjallendi er í þessum hluta landsins.

Ný verkaskipting á Ísafirði: Átelja flutning á sömu tillögu

SVEITARSTJÓRNIR „Slík málsmeðferð hefur til þessa verið óþekkt og sýnir skýr merki um valdniðslu og þá stjórnunarhætti, sem meirihluti bæjarstjórnar stundar,“ segir í bókun bæjarfulltrúa Í-listans á Ísafirði um þá ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar að endurflytja tillögu um flutning skíðasvæðis frá umhverfis- og eignasviði yfir á skóla- og tómstundasvið.

Tillagan var áður felld á bæjarstjórnarfundum 20. september en var endurflutt í síðustu viku. „Bæjarfulltrúar Í-listans átelja gjörning sem þennan og fer þessi afgreiðsla á langan lista óvandaðra vinnubragna og stjórnarsýsluhátta meirihlutans,“ bókuðu Í-listamenn.

Hvað er að gerast í þessum ESB samningaviðræðum?

Henrik Bendixen og Sveinbjörn Hannesson hjá sendinefnd ESB á Íslandi kynna nýlega framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB á opnum fundi í Evrópustofu á morgun, þriðjudaginn 13. nóvember, kl. 12-13.

Skýrslan hefur verið þýdd á íslensku og fæst afhent á fundinum í Evrópustofu að Suðurgötu 10.

Allir velkomnir - samlokur í boði!

Upplýsingamiðstöð ESB

Suðurgata 10, 101 Reykjavík | Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri
Sími 527 5700 – evropustofa@evropustofa.is
www.evropustofa.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

HVASST Í DAG
Kröpp lægð gengur yfir landið í dag og það verður hvasst víðast hvar á landinu. Úrkomulítið og skafrenningur N-til en töluverð rigning sunnan- og austanlands. Óveðrið gengur hratt yfir og í kvöld verður þegar farið að lægja og léttja til.

Á MORGUN
Hæg breytileg átt um allt land.

MÍÐVIKUDAGUR
Hvessir og þykknar upp SV-til.

HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	15°
Berlín	8°
Billund	8°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	16°
New York	17°
Orlando	27°
Ósló	3°
París	10°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÖRYGGI OG GOTT VERÐ!

Fleiri
kílómetrar
fyrir hverja
krónu

 **Hankook**

EF ÞÚ VILT GÆÐA-
VÖRU Á GÓÐU VERÐI!

Winter
i*Pike

*i*Pike*
W605



Frábær
umhverfisvæn
heilsársdekk

Margir af þekktustu bílaframleiðendum í heimi kjósa að búa nýja bíla sína dekkjum frá Hankook. Ástæðurnar eru mikil gæði, frábært verð og öryggi. Meðal þeirra eru **BMW, Audi, VW** og **Ford**.

 **Hankook**
driving emotion

Breiðari snertiflötur



Samanborið við hefðbundin dekk er snertiflötur **Hankook Winter i*Pike** um **17% stærri**. Það stýttir bremsuvegalegd í snjó og hálfu og veitir aukið öryggi.

VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj.

BARÐINN

– Síðan 1941 –

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heita kraftlyftingamennirnir sem eiga heimsmet í réttstöðu í fullorðins- og unglingaflokki?
2. Með hvaða löndum lenti íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu á lokamóti EM sem fram fer í Svíþjóð á næsta ári?
3. Hver lét nýverið af störfum sem framkvæmdastjóri Hjúkrunarheimilisins Eirar?

SVÖR

1. Andur Jónsson og Jullian Jónsson
2. Þýskalandi, Hollandi og
Noregi
3. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson

6

Stærsta þróunarsamvinnuverkefni Íslendinga komið á koppinn:

Nýtt átak til jarðhitanytingar

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kynnti fyrir helgi stærsta þróunarsamvinnuverkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í, sem unnið er í tengslum við 65 milljarða króna sjóð sem Alþjóðabankinn hyggst koma upp til jarðhitanytingar í Afríku. Samstarf Íslands og Alþjóðabankans er mesta átak til jarðhitanytingar í þróunarríkjum frá upphafi og Ísland verður aðalráðgjafi bankans á því sviði.

Við þetta tilefni var undirritað samkomulag Íslands við Norræna þróunarsjóðinn (NDF) um fjármögnun fyrsta hluta verkefnisins.

Það felur í sér að íslensk stjórnvöld og þróunarsjóðurinn leggja 800 milljónir króna hvort til verkefnisins á næstu fimm árum.

Markmiðið er að hraða jarðhitavæðingu í þrettán ríkjum Austur-Afríkusigdalsins. Á þessu svæði er mikill orkuskortur en sérfræðingar telja að í sigdalnum sé mögulegt að virkja allt að 14.000 megavött úr jarðhita og veita allt að 150 milljónum manna aðgang að hreinni orku.

Í samstarfinu felst að Íslendingar aðstoði ríkin á svæðinu við jarðhitaleit, nauðsynlegar grunnrannsóknir og liðsinni við gerð áætla. -shá



UNDIRRITUN Engilbert Guðmundsson, hjá Þróunarsamvinnustofnun, Pasi Hellman, Norræna þróunarsjóðnum og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, við undirritunina. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Húsavík hjón í óhappi:

Sluppu ómeidd eftir bílveltu

SLYS Hjón frá Húsavík sluppu með skrekkinn þegar bíll þeirra valt í gærmorgun á Mýrarleiti sunnan við Húsavík.

Bíllinn rann í hálfu á veginum og lenti á hvolfi utan vegar.

Hjónin sakaði ekki og auðveldlega gekk að ná þeim út úr bílnum. Það varð hjónunum sennilega til happs að bíllinn lenti á mjúkum snjó.

Lögreglan ók þeim til Húsavíkur þar sem hjónin hugðust sækja aðra bifreið svo þau gætu haldið ferð sinni áfram suður.

Fjórir nýir líklegir á þing

Þrjú prófkjör fóru fram um liðna helgi hjá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokknum. Líklegt er að fjórir nýir þingmenn komist á þing fyrir flokkana í kjördæmunum. Bjarni Benediktsson hlaut lélega kosningu.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig fóru prófkjör helgarinnar?

Elín Hirst, Vilhjálmur Bjarnason, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Erna Indriðadóttir verða líklega nýir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar á næsta kjörtímabili, eftir prófkjör flokkanna um helgina.


Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, varð í efsta sæti í prófkjöri flokksins í Suðvesturkjördæmi, sem fram fór um helgina. Bjarni fékk aðeins um 55 prósent atkvæða, sem er lélegasta kosning formanns flokksins í rúmlega þrjátíu ár, eða síðan Geir Hallgrímsson fékk ekki nema 37,5 prósent atkvæða í oddvitasæti árið 1983. Árni Páll Árnason varð í efsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, sem fram fór um helgina. Kristján Möller varð í efsta sæti í prófkjöri flokksins í Norðausturkjördæmi.

Sjálfstæðisflokkurinn

5.070 manns greiddu atkvæði í prófkjöri sjálfstæðismanna, sem þýðir 34 prósent kjörsókn. 2.728, eða 55,5 prósent, kusu Bjarna í fyrsta sætið. Ragnheiður Ríkardóttir varð í öðru sæti og Jón Gunnarsson í því þriðja. Vilhjálmur Bjarnason og Elín Hirst náðu fjórða og fimmta sæti. Ragnar Ónundarson, sem bauð sig fram í fyrsta sætið gegn Bjarna komst ekki í eitt af efstu sjö sætum.

Bjarni hlaut betri kosningu í fyrsta sætið árið 2009, en þá atti hann kappi við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í baráttunni um fyrsta sætið og fékk 62 prósent. Hann segist gjarnan hafa viljað fá meiri stuðning, en segir niðurstöðuna afgerandi. Hart hafi verið sótt að honum, en niðurstaðan breytti engu um stöðu hans.

Niðurstöður prófkjaranna



Samfylkingin í SV

1. Árni Páll Árnason
2. Katrín Júlíusdóttir
3. Magnús Orri Schram
4. Margrét Gauja Magnúsdóttir
5. Lúðvík Geirsson
6. Margrét Júlía Rafnsdóttir
7. Amal Tamimi



Sjálfstæðisflokkur í SV

1. Bjarni Benediktsson
2. Ragnheiður Ríkardóttir
3. Jón Gunnarsson
4. Vilhjálmur Bjarnason
5. Elín Hirst
6. Óli Björn Kárason
7. Karen Elísabet Halldórsdóttir



Samfylkingin í NA

1. Kristján L. Möller
2. Erna Indriðadóttir
3. Jónína Rós Guðmundsdóttir
4. Sigmundur Erni Rúnarsson
5. Helena Puriður Karlsdóttir
6. Örygur Hnefill Jónsson

Samfylkingin

2.129 manns kusu í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, 37 prósent fólks á kjörskrá, og kusu tæp 49 prósent þeirra Árna Pál í fyrsta sætið. Katrín Júlíusdóttir fékk stuðning tæplega 43 prósent í fyrsta sætið og lenti í öðru sæti. Magnús Orri Schram náði þriðja sæti.

inu, Lúðvík Geirsson því fjórða og Margrét Gauja Magnúsdóttir því fimmta. Vegna reglna um kynjaskiptingu færast Margrét upp fyrir Lúðvík.

Í Norðausturkjördæmi kusu 832 í prófkjöri flokksins, um 37 prósent, og fékk Kristján Möller 73 prósent atkvæða í fyrsta sætið. Helstu tíðindin urðu þau að Erna

Indriðadóttir velti Sigmundi Erni Rúnarssyni úr sessi og hlaut annað sætið. Jónína Rós Guðmundsdóttir lenti í þriðja sæti og Sigmundur í fjórða. Að óbreyttu mun hann því falla af þingi í vor og vekur það upp spurningar um hvað hann hyggst fyrir á þessum kosningavetri.

thorunn@frettabladid.is

HÆTTUR George Entwistle, forstjóri BBC, sagði upp starfi sínu í fyrradag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tekur ábyrgð á mistökum: Forstjóri BBC sagði af sér

BRETLAND George Entwistle, forstjóri breska ríkisútvarpsins (BBC), hefur sagt af sér. Þetta tilkynnti hann í fyrradag en afsögnin kemur í kjölfar gagnrýni á fréttabáttinn Newsnight.

Í þættinum var fullt að þekktur þingmaður í lávarðadeildinni, hefði brotið kynferðislega gegn börnum. Fljótlega fóru böndin að berast að íhaldsmanninum McAlpine lávarði en þáttastjórnendur þurftu að biðjast afsökunar og gefa það út að McAlpine hefði verið ranglega bendlaður við málið. Breskur karlmaður um sextugt var handtekinn í gær í tengslum við málið en sá hefur ekki verið nafngreindur.

Við þetta bætist gagnrýni á ríkisútvarpið fyrir að hafa þaggað mál Jimmy Savile, hins þekktu þáttastjórnanda BBC sem lést í fyrra, niður í mörg ár.

LÖGREGLAN

Ekið á gangandi

Aðfaranótt sunnudags var ekið á gangandi vegfaranda í Bankastrætinu, miðbæ Reykjavíkur. Sá meiddist lítilsháttar á fæti en ökumaðurinn var á bak og burt þegar lögreglu bar að og ekki er vitað hver var að verki.

Nánari upplýsingar
fást í síma 570 2400
eða í tölvupósti,
namskeid@oryggi.is.



Dyravarðanámsskeið

Öryggismiðstöðin býður upp á námskeið fyrir dyraverði sem er viðurkennt af lögreglustjóra. Námskeiðið fer fram dagana 26.–28. nóv nk. Námskeiðsgjald er 42.000 kr.

Námskeið fyrir dyraverði er styrkhæft af fræðslusjóðum aðila vinnumarkaðarins.

Námskeiðið er 20 kennslustundir og tekur á eftirfarandi þáttum:

Lög og reglugerðir
Samskipti við lögreglu og neyðaraðila
Skyndihjálp
Fíkniefni
Brunavarnir
Sjálfsvörn

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

Við vildum bjóða upp á almennilegt kaffi.

**Þess vegna
settum við
Te & Kaffi í
málið.**

Gæðakaffið á Stöðinni
er unnið úr sérvöldum
kaffibaunum, ristudum
af Te & Kaffi.



Latte
329 kr.



Cappuccino
329 kr.



Swiss Mokka
með rjóma
429 kr.



Tvöfaldur
Latte
399 kr.



Tvöfaldur
Cappuccino
408 kr.



Americano
279 kr.



Espresso
229 kr.



Macchiatto
279 kr.



Auka
kaffiskot
79 kr.



Tilboð! Allir kaffidrykkir á 229 kr.
með kortum og lyklum Orkunnar
og staðgreiðslukorti Skeljungs.



www.stodin.is

Birtir hafa verið 300 pistlar á pödduvefnum á rúmum þremur árum og úr er orðinn mikilvægur gagnabanki:

Ómetanlegur gagnabanki á þremur árum

FRÆÐSLA Síðan pödduvefur Náttúrufræðistofnunar (NÍ) var settur á laggirnar í ágúst 2009 hafa 80 tegundir smádyra verið kynntar til leiks í um 300 pistlum alls. Markmiðið með vefnum var og er að fræða unga sem aldna, áhugasama sem angistarfulla, um tegundir smádyra á landi og í vötnum á Íslandi, eins og segir í frétt á vef NÍ. Vegna vinsælda stendur fyrir dyrum allsherjar endurskoðun sem á að létta alla upplýsingaleit á vefnum.

Á pödduvefnum er fjallað um pöddur af ýmsu tagi, tegundir

sem lifa í íslenskri náttúru og gördum landsmanna, hífýlum, vöruskemmum og gripahúsum, útlendar tegundir sem flækjast til landsins með vindum, svo og tegundir sem slæðast með varningi.

Í pöddupistlunum er sagt frá útbreiðslu tegundanna utan lands sem innan, lífsháttum þeirra og ýmsum öðrum fróðleik sem kann að vekja áhuga.

Veg og vanda af vefnum á Erling Ólafsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun.

- shá



BROTABROT Erling vinnur markvisst að því að ljósmynda dýrin og koma upp myndabanka þar sem kennir ýmissa grasa.



MYNDIR/ERLING ÓLAFSSON



HREYFT VIÐ LOFTINU Þessi kona notaði blævæng sinn í gríð og erg í Peking í Kína í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MATVÍS félagar



Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn
13. nóvember næstkomandi, kl. 17.00 á
Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmeginn.

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugum ára.

vísir

Meta Hörpu þrefalt lægra en Þjóðskráin

Fasteignamat sambærilegra eigna er mun lægra en Hörpu, að mati lögmannsstofunnar Lex. Málið er á leið fyrir dóm. Endurskoðunarfyrirtæki mátu virði Hörpu þrisvar sinnum lægra en Þjóðskrá, sem miðar við byggingarkostnað.

SKIPULAGSMÁL Harpa fellur mitt á milli þess að vera atvinnuhúsnæði með litlar sem engar leigutekjur og atvinnuhúsnæði sem almennt er keypt til útleigu, samkvæmt áliti lögmannsstofunnar Lex.

Aðferð Þjóðskrár við fasteignamat tekur ekki tillit til þess og stangast á við lög og skilar allt of háum fasteignagjöldum.

Lex hefur unnið álit fyrir Portus, móðurfélag Hörpu. Lex telur að Þjóðskrá hafi aðeins horft á byggingarkostnað Hörpu, sem sé óeðlilegt. Miða ætti við byggingarkostnað sambærilegra eigna. Þá ætti að taka tillit til fleiri þátta en byggingarkostnaðar. Þjóðskrá hafi ekki gætt jafnræðis og meðalhófs við fasteignamatið.

Þjóðskrá notar kostnaðaraðferð við fasteignamatið en þá er stuðst við byggingarkostnað, en hann er metinn 28 milljarðar króna. Undir það tekur yfirfasteignamatsnefnd. Aðrar aðferðir eru markaðsaðferð, sem byggir á samanburði við sölu sambærilegra fasteigna, og tekjaaðferð, sem byggir á tekjum og fasteignum og kostnaði vegna þeirra.

Lögmannsstofan ber saman fasteignamat á nokkrum húsum við Hörpu. Eins og sést til hliðar er fermetraverðið á Hörpu mun hærra.

kolbeinn@frettabladid.is



SAMBÆRILEGT VIÐ HÖRPU Lex telur Flugstöð Leifs Eiríkssonar falla best að eðli húsnæðis Hörpunnar. Hún sinni almannaþjónustu en hluti fasteignar sé nýttur til útleigu. Fermetrinn í Hörpu er þrefalt dýrari en í flugstöðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samanburður við önnur hús

Salurinn í Kópavogi	Hluti af endurstofnverði	Kostn./m ²
Menningarhúsið Hof Akureyri	51%	293.815
Ráðstefnumiðstöð Grand Hótel	44%	194.176
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	62%	128.550
Harpa	50%	218.107
	66,4%	697.332

Ólíkt mat á virði Hörpu

Fasteignamat 2013	21 milljarður
Mat PwC	6,8*
Mat Capacent	6,5-6,7*
Álitsgerð Lex	15,1**

*Mat á virði með hliðsjón af tekjum og gjöldum og nýtingarmöguleikum.

**Ef fasteignamat Hörpu væri 50% af endurstofnverði eins og er í mörgum tilvikum.

GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM



MM Pajero Intense
3,2, Árgærd 2009, dísel
Ekinn 47.000 km, sjálfsk.

Ásett verð:
6.200.000,-



VW Polo 1.4 Comfort.
AT, Árgærd 2011, bensín
Ekinn 43.000 km, sjálfsk.

Ásett verð:
2.390.000,-



Audi A6 2.0T Avant
Terra, Árgærd 2007, bensín
Ekinn 52.500 km, sjálfsk.

Ásett verð
3.790.000,-



Toyota Auris sol
Hybrid, Árgærd 2012, hybrid
Ekinn 6.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
4.100.000,-

Skoda Octavia 1,6 TDI
Combi, Árgærd 2011, dísel
Ekinn 33.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
3.190.000,-

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR**
BÍLAR

Þetta er tækið sem þig hefur dreymt um

**SAMSUNG**SAMSUNG · UE46ES6575
6500 LÍNANSamsung **SMART TV**

6500 línan frá Samsung hlaut strax fjölda viðurkenninga fagaðila og fagtímarita þegar þetta frábæra tæki kom á markað. 6500 línan hefur allt til þess að bera að verða eitt allra vinsælasta sjónvarpið í sögu Samsung. Kynntu þér betur þetta bráðsnjalla SMART TV sjónvarp frá Samsung!



Þráðlaust lykklaborð
fyrir sjónvarpið
fylgir frítt með
öllum tækjum með
svarta umgjörð
til 15. desember

Samsung LED·3D·SMART TV

- Clear Motion Rate: 400 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
- Skjár: Ultra Clear
- Skerpa: Mega
- AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
- USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
- Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk
- Netvafri: Já
- Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl.
- Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
- Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól
- Útlit: Val um svarta eða hvíta umgjörð



Tvenn 3D gleraugu
fylgja sjónvarpinu

Stærðir 32", 40", 46" og 55" (55" aðeins svört umgjörð)- sjá nánar á www.samsungsetrid.is

SAMSUNG 6500 er tilbúið til að gera þér alla skemmtun og samskipti í sjónvarpinu miklu betri og skemmtilegri.

SAMSUNG**SETRID**
samsungsetrid.is**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.isORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 431 3333ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

Fréttaskýring: Lyfjanauðganir á Íslandi

Aldrei tekist að greina nauðgunarlyf

Rannsakendum hefur aldrei tekist að greina leifar af nauðgunarlyfjum í blóðsýnum þolanda kynferðisbrota á Íslandi. Í fyrra var 21 sýni sent til rannsóknar. Prófessor segir áfengi vera algengasta nauðgunarlyfið.

Aldrei hefur tekist að sanna að þolanda kynferðisofbeldis hafi verið byrjað nauðgunarlyf á Íslandi. Þetta segir Jakob Kristinsson, prófessor í eiturefnafræði, sem hefur fengið sýni til rannsóknar frá lögreglunni í hvert sinn sem grunur vaknar um slíkt.

Með nauðgunarlyfjum er átt við lyf á borð á við róhypnól, smjörσύru og ketamín. „En það er reyndar eitt lyf sem finnst býsna oft,“ segir Jakob. „Það er áfengi. Áfengi er algengasta nauðgunarlyfið.“

Rannsóknir á blóðsýnum þeirra sem telja sér hafa verið byrjað eitur hófust fyrir aldamót og hafa nokkur slík sýni borist Rannsóknastofu í lyfja- og

eiturefnafræðum árlega síðan. Í fyrra barst 21 sýni, sex árið 2010 og fjórtán árið 2009.

Fljót að hverfa úr blóðinu

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kveðst ekki draga í efa að lyf af þessu tagi séu notuð í þessum tilgangi. Það sanni dæmi erlendis frá.

Ástæða þess að þetta hefur aldrei sannast er hins vegar sú að sum lyfjanna hverfa mjög fljótt úr blóðinu og eru illgreinanleg.

Jakob segir það reyndar lífseiga þjóðsögu að frægasta lyfið, róhypnól, sé svo óskaplega fljótt að hverfa. Sé það tekið í nógu miklu magni til að fólk verði rænulaust þá greinist það í nokkra daga á eftir, en vandaamálið sé frekar það að fórnarlömb nauðgunar sem grunar að þeim hafi verið byrjað lyf leiti ekki til lögreglu fyrr en að þessum nokkrum dögum liðnum.

Hann segir smjörσύruna erfðari viðfangs. „Smjörσύran er í okkur öllum, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það getur verið erfitt að skera úr um hvernær hún er yfir eðlilegum mörkum og hvernær ekki.“

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Nokkur ráð til að forðast nauðgunarlyf

Þótt gerandi beri að sjálfsgöðu alltaf alla ábyrgð á því að misnota sér ástand annarrar manneskju hafa ýmis samtök tekið saman ráð sem rétt er að hafa í huga úti á lífinu og kunna að verða til þess að færri mönnum takist ætlunarverk sitt:

- Ekki drekka neitt sem þú sást ekki hellt í glas eða blandað, hvorki frá barþjónum né öðrum á staðnum.
- Drekktu beint úr flösku frekar en úr glasi. Þannig er erfiðara að lauma einhverju í drykkinn.

■ Sum lyf – til dæmis róhypnól – gefa drykknum bitran keim. Ef bragð drykkjarins breytist skaltu hella honum. Það sama á við ef hann skiptir skyndilega um lit.

■ Ekki skilja drykkinn við þig. Kláraðu hann áður en þú ferð út að reykja og taktu hann með þér á salernið.

■ Þá þarf vart að taka fram að best er að halda hópinn og hafa gætur á vinum sínum og vinknum.

Helstu nauðgunarlyfin

RÓHYPNÓL

Svefn- og deyfilyf í töfluformi sem notað er við margvíslegum kvillum. Þekktasta nauðgunarlyfið og stundum notað sem samheiti yfir þau öll. Sumir framleiðendur hafa brugðist við því með því að bæta í töflurnar lit og bragði sem gerir drykki bláa og beiska, láta töflurnar freyða og leysast hægar upp en áður.

SMJÖRSÝRA

Sljógandi lyf í duft- eða vökvaformi sem er fyrst og fremst selt á ólöglegum markaði. Komst í fréttir á Íslandi þegar það fannst í áður óséðum mæli á útihátíðinni Eldborg sumarið 2001. Er notað sem vímuefni en hefur þau áhrif að sá sem það tekur man lítið eða ekkert eftir því sem gerist á meðan hann er undir áhrifum.

KETAMÍN

Mjög öflugt deyfilyf í vökva- eða duftformi. Notað í skurðaðgerðum og afbrigði þess til að deyfja stærri húsdýr. Veldur rænu- og minnisleysi. Hefur sárásjaldan fundist á Íslandi. Jakob Kristinsson segist einungis fá ketamínsýni inn á borð til sín á margra ára fresti.



Njóttu þess í botn,
bita fyrir bita

Vöruúrvalið í 10-11
er frábært og þar
færðu að sjálfsgöðu
súkkulaðikexið Remi
sem er einfaldlega
ljúffengt.

1011

Fljótlegt og þægilegt



Electrolux

- EWP-126100 Þvottavél**
Frábær heimilisvél frá Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði.
- ✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhráði
 - ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi og kerfi fyrir viðkvæman fatnað
 - ✓ 3/6/9 klst framstillt ræsing
 - ✓ Tekur allt að 6 kíló af taui
 - ✓ A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhráða
 - ✓ XXL stór hurð - auðveld í notkun
 - ✓ Verð áður kr 99.900



GÁMASALA KR.
77.900
SPARAÐU 22.000



KYNNINGARVERÐ KR.
94.900
SPARAÐU 25.000

Electrolux

- ESL-63010 Innbyggð uppþvottavél**
Þessa hjóðlátu uppþvottavél er hægt að klæða með innréttingarhurð svo að hún verði fullkomlega falin í eldhúsinu.
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almenn kerfi og 30 mín. hraðkerfi
 - ✓ Framstillt ræsing möguleg
 - ✓ Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
 - ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
 - ✓ Fullt verð kr. 119.900



KYNNINGARVERÐ KR.
94.900
SPARAÐU 25.000



KYNNINGARVERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 25.000

Electrolux

- ERB-36233W Kæli- og frystiskápur**
Stór kæli- og frystiskápur með nægu rými
- ✓ 245 lítra kæli og 92 lítra frystir
 - ✓ FreshZone kæli skúffa 2-3°C fyrir kjöt, fisk ofl.
 - ✓ HxBxD 185 x 59,5 x 62 cm
 - ✓ Fullt verð kr 134.900



GÁMASALA KR.
39.900
SPARAÐU 5.000

exquisit

- GS-73 Frystiskápur**
73 lítra frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum. Orkuflokkur A+.



KYNNINGARVERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 30.000

Electrolux

- EOB-53003X Ofn**
Flottur innbyggður ofn í burstuðu kámfri stáli með klukku, blæstri og grilli
- ✓ 8 eldunarkerfi þ.á.m. undir- og yfirhiti, grill og blástur
 - ✓ Forritanleg klukka með hringingu og/eða framstilltri ræsingu
 - ✓ Air Control blásturstækni
 - ✓ Tvöfalt gler í ofnhurð
 - ✓ Fullt verð 99.900

KYNNINGARVERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 20.000

Electrolux

- EHF-6241FOK Keramik helluborð**
Flott keramik helluborð með stálkanti og snertitökum
- ✓ Fjórar Hi-light hraðhellur þ.á.m. ein XXL 21 cm hella
 - ✓ Snertitakkar og LED stjórnbörð
 - ✓ Barnalæsing
 - ✓ Fullt verð kr. 89.900



KYNNINGARVERÐ KR.
11.990
37% AFSLÁTTUR

exquisit

- UBH-10ASINOX**
Kraftmikil eldhúsvífta úr burstuðu stáli með góðri lýsingu. Möguleiki á kolásíu eða útblæstri. Fullt verð 18.990



Electrolux

- ZEO-5410 Ryksuga**
Kraftmikil 1800W ryksuga með stillanlegum sogkrafti
- ✓ Innbyggð fylgihlutageymsla
 - ✓ Stór S-Bag örtrefjapoki
 - ✓ Fullt verð kr. 19.990

KYNNINGARVERÐ KR.
14.990
25% AFSLÁTTUR



exquisit

- MW-717 Örbylgjuofn**
Flottur 700W örbylgjuofn með snúningsdiski. Fáanlegur í hvítu, svörtu og silfurliðuðu

GÁMASALA KR.
12.990
GÁMASALA!

TRISTAR

- GR-2841 Minútugrill**
Minútugrill úr stáli með veltiplötum. Hentar fyrir smásteikur, hamborgara, panini ofl. Áður kr. 10.990



GÁMASALA KR.
7.990
SPARAÐU 3.000



GÁMASALA KR.
11.990
SPARAÐU 3.000

DOMO

- DO-9036G Heilsugrill**
Stórt og óflugt mínútugrill með 2000W elementi sem tryggir að safinn lokist inni í kjötinu, svo það haldist meyr og ljúffengt.
- ✓ Viðloðunarfrjár steikarplötur með djúpum rífluoðum rákum.
 - ✓ Hitastillir og hæðastillanleg veltiplata
 - ✓ Áður kr. 14.990



MX-4150 töfrasproti
Maukar & hakkar.
Áður kr. 2.990

1.495
50% AFSLÁTTUR

2.495
50% AFSLÁTTUR

ST-8138 Gufustraujarr
2000W með stálsóla
Áður kr. 4.990

AFSLÁTTUR

WG-2419 Baðvog
Órpunn og hárnákvæm
Áður kr. 5.990

2.995
50% AFSLÁTTUR

WK-1331 hraðsuðukanna
1 líter snúrlaus
Áður kr. 4.990

2.495
50% AFSLÁTTUR

CW-177 Pönnukökupanna
Virkar á allar hellur.
Áður kr. 3.990

1.995
50% AFSLÁTTUR

1.495
50% AFSLÁTTUR

BR-1009 Brauðrist
Hvít fyrir 2 sneiðar
Áður kr. 2.990

Rafha

Opið virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Kynningarverð gilda t.o.m. 1. desember

Kosningaloforð hafa aldrei verið varasamari:

Hókus pókus

Nú eru fimm mánuðir til næstu alþingiskosninga. Framboðin eru því farin að leggja drög að atkvæðaveiðum með loforðaflaumum. Sum loforðin eru skynsamleg. Sum kjánaleg. En allt of mörg eru beinleiðis brjáluð.

Skattalækkanir eru vel þekkt og aðlaðandi beita á kosningavertíð. Það vilja enda allflestir borga minna hlutfall af launum sínum í samneysluna til að geta eytt meiru í sjálfan sig og sína. Sjálfstæðisflokkurinn, einstakir frambjóðendur hans og allskyns fylgihnettir vilja hins vegar „vinda ofan af skattahækkunum ríkisstjórnarinnar“. Það sem vantar upp á þessar tillögur er hvernig það eigi þá að brúa gatið sem skapast í rekstri ríkissjóðs með raunhæfum hætti ef þessir viðbótar-tekjustofnar skila allt í einu engu. Neikvæður jöfnuður ríkissjóðs frá árinu 2008 og út næsta ár er nefnilega áætlaður samtals 600 milljarðar. Og gatið er enn að stækka.

SKOÐUN

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Á sama tíma kynnir ríkisstjórnin fjárfestingaáætlun fyrir árin 2013-2015 upp á nokkra tugi milljarða sem hún hefur ekkert umboð til að hrinda í framkvæmd. Næsta ríkisstjórn verður aldrei bundin

af henni. Áætlunina á að fjármagna með veiðigjaldi, sem stærsti stjórnmalaflokkurinn vill afnema komist hann í ríkisstjórn, og sölu á bönkum sem enginn markaður er fyrir eða arðgreiðslum sem ekkert hefur verið ákveðið um hvort eða hvenær verði greiddar út.

Nýjasta kosningavetursæðið snýst um mismunandi útfærslur á því að þjóðnýta eignir þrotabúa gömlu bankanna til að endurfjármagna Ísland. Rökin eru þau að við höfum komist upp með að festa fullt af fé útlendinga hérlendis með neyðarlögunum og gjaldeyrishöftunum og því sé okkur ekkert að vanbúnaði að hirða restina. Það verður þó að gera sér grein fyrir því að þessar hugmyndir munu hafa víðtækar alþjóðlegar afleiðingar. Og það er nokkuð ljóst að sú erlenda fjárfesting sem þarf til að byggja hér upp þekkingarhagkerfið, sem öllum nýmóðins stjórnmalamönnum finnst svo gaman að tala um, kemur ekki hingað ef meiri líkur en minni eru á að fjárfestarnir fái ekki peningana sína til baka.

En stærsti uppboðsmarkaðurinn snýst um almennar skuldaniðurfellingar. Fyrsta boð kom frá Framsóknarflokknum, sem ætlar að vaða í 20 prósentu niðurfellinguna í nýrri og dýrari útfærslu. Næsta kom frá Samstöðu sem ætlaði fyrst að búa til einhvers konar peningavél til að láta skuldir hverfa, en hefur síðan tekið upp nýkrónustefnu sem í felst stórtæk eignaupptaka. Nýjasta, og hæsta, tilboð kom síðan frá Hægri grænum. Það felur í sér að húsnæðislán verði lækkuð um 44 prósent hið minnsta. Þá byggir Dögun tilveru sína á regnbogaloforðum um skuldaniðurfærslur og einstakir þingmenn gömlu flokkanna hafa einnig talað á svipuðu nótum. Það minnst hins vegar enginn á hundruð milljarða óumflýjanlegan kostnað ríkis og lífeyrissjóða af þessu brjálaði.

Töfralausnapólitík hefur aldrei tröllriðið landanum af jafn miklu offorsi og hún gerir um þessar mundir. Það virðist lenska að lofa undralausn á vandamálum sem er ekki hægt að leysa nema með skynsamlegri langtímanálgun. Þótt stjórnmalamenn veifi sprota og kalli „hókus pókus!“ þá hverfa vandamálin nefnilega ekki. Þvert á móti gætu töfrabrogðin skilið okkur eftir í mun verri málum fái stjórnmalamennirnir sem lofa þeim umboð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

DELL Optiplex 3010 Hagkvæm og áreiðanleg á góðu verði



Vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Listaverð 179.990 kr. stk.

1-9 tölvur 119.900 kr. stk.

10+ tölvur 109.900 kr. stk.

Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is

Öll verð eru með vsk. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000



FRÁ DEGI TIL DAGS

Bæjarfélagakosningin

Lúðvík Geirsson lenti, eftir kynjaskvótatiltæringar í fimmta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, en hann sóttist eftir öðru sætinu. Lúðvík ritaði á Facebook-síðu sína að umhugsunarefni væri fyrir flokkinn í Kraganum að Hafnfirðingar ættu ekki stuðning í efstu sæti listans, heldur röðuðu sér þar Kópavogsbúar. Nú er traudla til persónutengdri kosning en prófkjör og því veltir maður því fyrir sér hvort úrslitin hafi frekar endurspeglad

hverja Samfylkingarfólk vildi sjá í efstu sætum en hreppamörk.

Eflist í andstöðunni?

Sigmundur Erni Rúnarsson reið ekki feittum hesti frá prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, en hann lenti í fjórða sæti. Sigmundur hefur nokkrum sinnum talað gegn stefnu ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Ætli úrslitin efla hann í þeirri andstöðu?

Strengir stilltir saman

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, fékk rúmlega helming atkvæða í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kraganum. Raunar mun minna fylgi, ef reikni-reglur hans sjálfs um þá sem sitja heima í kosningum eru brúkaður. Vilhjálmur Bjarnason, formaður Félagsfjárfesta, var sigurvegari prófkjörsins, hreppi þriðja sætið. Það verður áhugavert að sjá þá stilla strengi sína saman eftir hvassa gagnrýni Vilhjálm á viðskiptamenningu síðustu ára.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Græna hagkerfið á góðri leið

Umhverfismál



Skúli Helgason
Þingmaður Samfylkingarinnar

Alþingi samþykkti með öllum greiddum atkvæðum þann 20. mars síðastliðinn stefnu um eflingu græna hagkerfisins, sem nefnd allra þingflokka undir minni forystu mótaði á árunum 2010-2011. Stefanur felur í sér fimmtíu tillögur um aðgerðir sem hafa það að markmiði að skapa atvinnu og verðmæti með aðferðum sem samrýmast markmiðum sjálfbærrar þróunar.

Lagt er til að ríkið skapi aðstæður fyrir uppbyggingu græns hagkerfis með ýmiss konar hagrænum hvötum sem örvi fyrirtæki í mismunandi atvinnugreinum til að þróa eða taka upp umhverfisvænar lausnir og verkferla. Víða eru grænir sprotar í íslensku atvinnulífi og má þar nefna græna ferðaþjónustu, fyrirtæki á sviði líftækni og umhverfistækni, vistvæna hönnun, lífræna landbúnaðarframleiðslu og svo mætti lengi telja.

Verkefnastjórn á vegum forsætisráðuneytisinnar nú að forgangsröðun til lagna og mati á kostnaði þeirra. Stefnt er að því að strax í byrjun næsta árs verði hafist handa við að innleiða fyrsta áfanga aðgerðaáætlunar um eflingu græna hagkerfisins. Þar verður m.a. lögð áhersla á að auka fjárfestingar og skapa atvinnu, inn-

leiða græn vinnubrögð í stjórnsýslunni, auka fræðslu til almennings og fyrirtækja um sjálfbæra þróun og skapa frekari hvata til notkunar umhverfisvænna samgöngumáta.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja 3,5 milljörðum króna í græna hagkerfið á næstu þremur árum sem hluta af fjárfestingaáætlun og fer sú tillaga nú til meðferðar og afgreiðslu á Alþingi. Fyrir það fjármagn er m.a. ætlunin að setja á fót sjóð sem fjárfestir í grænni atvinnustarfsemi hér á landi, laða til landsins grænar erlendar fjárfestingar, stuðla að orkuskiptum í skipum, hvetja til „grænkunar“ fyrirtækja með endurgreiðslum og auka áherslu á vistvæna innkaup, en ríkið kaupir á hverju ári vörur og þjónustu fyrir 100 milljarða króna og getur sent sterk skilaboð út á markaðinn með því að leggja áherslu á innkaup sem uppfylla umhverfiskröfur.

Miklar deilur stóðu um árábil um þá stóriðjustefnu sem stjórnvöld ráku á árunum 1995 til 2007. Með eflingu græna hagkerfisins sendum við skýr skilaboð um breytta stefnu þar sem sköpun atvinnu og verðmæta er í góðu samræmi við umhverfisvernd og sjálfbærni.

Strákarnir okkar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhöfundur



Strákar í að minnsta kosti Sþremur framhaldsskólum hafa nú með skömmu millibili álpað inn á jarðsprengjussvæði opinberrar umræðu með framgöngu sem fer út yfir öll mörk kvenfyrirlitningar, en var eflaust aldrei „þannig meint“, heldur bara „grín sem fór úr böndunum“.

Við þessi gömlu sýnum því að sjálfsögðu umburðarlyndi, veifum samt áminnandi vísingri og vonum að drengirnir læri sína lexíu, sem þeir gera eflaust. Málið snýst ekki um þessa piltu sem einstaklinga heldur hitt: hvers vegna þekkja þeir ekki mörkin?

Bara grín

Grín sem fór úr böndunum. En grín er aldrei bara grín. Það er sjálfur vígvöllur hugmyndanna. Ekkert afhjúpar betur en brandari – þann sem segir hann. Brandarar eru hinn ásættanlegi vettvangur fyrir hið ósættanlega. Þeir eru lygin sem segir satt. Þar leikum við okkur með fjarstæður og hugmyndir sem við vitum að eru rangar. Almennt samkomulag er um það þegar einhver kveður sér hljóðs til að segja brandara eða fara með gamanmál: Hér á eftir ætla ég að fara út fyrir mörk skynsemi og réttra skoðana. Nú er ég að fara að segja vitleysu. Í gamanmálum er því teft saman sem ekki á saman, háu og lágu, göfugu og lítillsigldu, því heilaga og því óhreina. Og allir hlæja á eftir eins og til staðfestingar því hversu skemmtilega fráleitt það hafi verið sem sagt var.

En þessi eiginleiki brandarans getur þá líka orðið nokkurs konar skálkaskjól; leið til að viðra það sem viðkomandi langar að segja en veit í rauninni að er ekki við hæfi, vegna þess til dæmis að það meidir aðra. Grínið getur verið leið til að grafa undan valdi – en það getur líka verið leið til þess að festa í sessi vald. Í ákveðinni tegund af bröndurum viðra ráð-

andi hópar sem telja sig í miðju valda og áhrifa fordóma sína gagnvart svokölluðum minnihlutahópum, nota brandarann til að niðurlægja þá sem neðar eru í stigveldinu; gömlu íslensku sögurnar af Bakkabræðrum eru af því tagi; og allt smælingjagrinið sem Íslendingar hafa svo miklar mætur á.

Þetta helgast af aðstæðunum. Við sitjum í hring og einhver kveður sér hljóðs til að segja brandara og það þykir kurteisi að hlæja að honum. Í bröndurum er sem sé þvingaður fram almennur hlátur og þar með viðurkenning á þeim hugmyndum sem liggja brandaranum til grundvallar. Við hlæjum með og tökum um leið undir hugmyndir sem við myndum alla jafna ekki gera; til dæmis að konur séu upp til hópa fáfróðar og eyðslusamar

körllum til borðs og sængur og karlinn þurfi að vera vakinn og sofinn í því að bæla niður hvers kyns tilhneigingar konunnar til sjálfstæðis. Þar með er ekki sagt að þessir drengir aðhyllist slíkar ranghugmyndir – í rauninni. Þessi tíðarandi er ekki áberandi í opinberri umræðu – nema í skúmaskotum athugasemdakerfa netsins – og þegar hann skýtur upp kollinum á opinberum vettvangi verður fólk almennt felmtri slegið. En hann er þarna einhvers staðar.

Hann er í því menningarefni sem ungu fólk er almennt boðið upp á; ekki þarf lengi að horfa á myndbönd poppstöðvanna til að sjá þennan tíðaranda, og er þá ónefnt allt það ofbeldisefni í ýmsum myndum sem menn milli tektar og tvítugs hafa horft á inni í herberginu sínu frá unga



Af hverju eru strákar á þessum aldri aftur og aftur að vekja á sér athygli með svo lítið skemmtilegum klúrheitum...

og ákaflega illa akandi afætur á sistrítandi eiginmönnum sínum en ljóshærðar konur séu fagarar og fákænar í jöfnum og réttum hlutföllum. Og svo framvegis.

Tíðarandinn

Af hverju þekkja þeir ekki mörkin? Af hverju eru strákar á þessum aldri aftur og aftur að vekja á sér athygli með svo lítið skemmtilegum klúrheitum sem ganga út á mjög skringilegar hugmyndir um kynferðislegt samneyti kynjanna? Enn og aftur: við megum ekki alháfa um unga karla út frá þessu, og ekki draga hvatvíslegar ályktanir um innræti þeirra sem hafa í frammi svo mislukkðu gamanmál. En eitthvað eru þeir að tjá. Þeir eru að tjá sig.

Þeir eru andsetnir. Í þeim hefur tekið sér bólfestu illur andi og hvæsir og fnæsir út um munninn á þessum vesalings drengjum. Sá illi andi er tíðarandinn sem fullur er af kvenhatri, kvenótta og kvennakúgun, þar sem sú hugmynd er allsráðandi að konur eigi að þjóna

aldri, athugasemdalaust.

Ungir menn fá sem sé að minnsta kosti tvöföld skilaboð frá samfélaginu. Og línum getur slegið saman. Menningarefnið sem þeir neyta frá unga aldri, grínið sem þeir horfa á, músíkvídeóin, tölvuleikirnir og annar sjónrænn neysluvarningur þeirra – hin menningarlega innræting sem þeir fá – hið andlega kókópöfss sem þeir nærast á – er allt fremur hömlulaust, espandi, hvatning til að lifa á forsendum hvatalífsins og fullt af stereótýpum, karl- og kvenlegum. Við þurfum ekki að horfa lengi á Cartoon network og þætti þar sem ætlaðir eru litlum drengjum til að sjá slíkan ofstopa. Úti í hinu raunverulega lífi fá ungir menn – auðvitað í misjöfnum mæli – þau skilaboð frá foreldrum og skóla að konur séu jafningjar þeirra og þeim beri að sýna virðingu. Þeir fá allt önnur skilaboð úr svonefndu afþreyingarefni. Flestir strákar átta sig á þessu. En þegar þessum ólíku hugmyndaheimum lýstur saman getur orðið sprenging.

Skortur á bílastæðum við Laugaveg

Skipulagsmál

Jón Sigurjónsson
kaupmaður



Borgaryfirvöld kynntu nú á dögunum deiliskipulag fyrir reiti þá við Laugavegin sem eru í eigu fasteignafélagsins Regins hf. Það er mikið fagnaðarefni að Reginsmenn hyggi á framkvæmdir á þessum reitum, en eitt af því sem staðið hefur verslun við Laugavegin fyrir þrifum er skortur á nýtiskulegu verslunarhúsnæði.

Eitt atriði veldur mér þó miklum áhyggjum í tillögum að uppbyggingu og það er hversu fáum bílastæðum er gert ráð fyrir á svæðinu og sér í lagi neðanjarðar. Í fljótu bragði sýnist mér sem bílastæðum á umræddum lóðum muni ekkert fjölga frá því sem nú er, þrátt fyrir margfalt byggingamagn og vonandi margföld umsvif. Sér í lagi er þetta var-

hugavert þar sem gert er ráð fyrir íbúðum, en rétt er að hverri íbúð fylgi a.m.k. eitt bílastæði neðanjarðar, ella munu íbúar leggja í stæðin allt í kring, sem einkum eru ætluð verslun og viðskiptum á svæðinu.

Með framkvæmdum Regins á þessu svæði gefst Reykjavíkurborg,

og/eða Regin eftir atvikum, einstakt tækifæri til að útbúa almenningsbílastæði neðanjarðar á þeim slóðum þar sem hvað helst skortir bílastæði til framtíðar í miðborginni. Milli Hverfisgötu og Laugavegar væri hvað best að koma fyrir bílastæðum sem gagnast geta versluninni á þessum slóðum og nægir að fara eina hæð niður. Nú er tækifæri til að ráðast í þessar framkvæmdir – tækifæri sem mun aldrei gefast aftur á þessu svæði í framtíðinni. Ég hef sjálfur staðið að byggingu tveggja húsa við Laugavegin og komið fyrir stórum bílakjöllurum undir þeim húsum án teljandi vandkvæða.



Ef viðskiptavinir fá ekki stæði nærri verslunum leita þeir annað.

Borgaryfirvöld hafa ítrekað á umliðnum misserum amast við bílnum og segja má að bílahatur sé ríkjandi í borgarpólitíkinni. En hvað sem líður andstyggð manna á bílum verður ekki framhjá því lítið að þetta er sá fararmáti sem flestir hafa kosið sér og ef viðskiptavinir fá ekki stæði nærri verslunum leita þeir annað.

Óskandi væri að borgaryfirvöld opnuðu augu sín fyrir því einstaka tækifæri sem þau fá til byggingar almenningsbílastæða á umræddum lóðum. Ef þau láta sér þetta tækifæri úr greipum ganga er raunveruleg hættu á stórslysi í skipulagsmálum miðborgarinnar til framtíðar lítið.

Sala skuldabréfs

Orkuveita Reykjavíkur hefur falið Straumi fjárfestingabanka hf. að skoða mögulega sölu á skuldabréfi í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, útgefna af Magma Energy Sweden A.B.

Orkuveita Reykjavíkur eignaðist skuldabréfið í tengslum við sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. árið 2009. Skuldabréfið er USD 67.891.888 að nafnvirði, ber 1,5% vexti og er með lokagjalddaga árið 2016. Skuldabréfið er tengt álverði að ákveðnu marki og er tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf.

STRAUMUR



Allar nánari upplýsingar um skuldabréfið og mögulega sölu má nálgast hjá Straumi í síma 585-6600 eða í gegnum netfangið magmaskuldabref@straumur.com

AF NETINU

Samfylkingin, sjálfsmýndin, hægri- og vinstri-sveiflur

Arni Páll Árnason boðar breytingar nú þegar hann hefur sigrað í prófkjöri í Kraganum. Eins og kom fram í Silfri Egils í dag er hann einni maðurinn sem langar mjög mikið að verða formaður Samfylkingarinnar. Kannski tekst honum það. Hann segir að þurfi nýjan takt.

Það er samt óljósara hvað felst í þessu? Er það Samfylking sem er vinsamlegri stóriðju, fjármagni og útgerð? Sem á þá minni samleið með Vinstri grænum en á tíma Jóhönnu? Flokkur sem sveiflast aftur til hægri, eftir að hafa sveiflast til vinstri á tíma hrunsins, en þar áður hafði hann verið í mikilli hægri sveiflu?

blog.pressan.is/silfuregils

Egill Helgason

SUMARBÚSTAÐALÓÐIR HRAUNBORGUM

- Þjónustumiðstöð
- Sundlaug og heitir pottar
- Níu holu golfvöllur
- Mini golf
- Hjólaleiga og sparkvöllur
- Útsýnisskífa
- Tjaldstæði /hjólhýsasvæði
- Frábært útivistarsvæði

Eigum til ráðstöfunar nokkrar sumarþustaðalóðir á einu vinsælasta sumarþustaðasvæði landsins.

Að Hraunborgum í Grímsnesi við Kíðjabelgsveg eru nokkrar 5000m² lóðir til leigu með lóðarleigusamninga til 50 ára. Heitt og kalt vatn er á svæðinu og eru lóðirnar tilbúnar til afhendingar.

Hraunborgir eru í 70 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og eru í næsta nágrenni við margar helstu náttúruperlur landsins, þar er einnig kjörin aðstaða til útivistar.

Allar nánari upplýsingar:

asgeir@sjomannadagsrad.is og í síma: 585 9301

Sjómannaágráð
í Reykjavík og Hafnarfirði



NÓVEMBER TILBOÐ

GERÐU FRÁBÆR KAUP Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á tilboði í nóvember!



Tökum notaðan uppi!
notaðan! Erum í
sammingsstuði!

HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 05/11, ekinn 36 þús km.
bensín, beinskiptur
Rnr.190664.

Frábær kaup kr.
2.090 þús.



NISAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 46 þús km.
bensín, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.200929



HYUNDAI i10 GL
Nýskr. 10/10, ekinn 42 þús km.
bensín, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 1.380 þús.
Rnr.190643



SUZUKI GRAND VITARA LUX
Nýskr. 06/10, ekinn 36 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 30 þús km.
bensín, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 1.590 þús.
Rnr.280227.



TOYOTA COROLLA TERRA
Nýskr. 06/09, ekinn 66 þús km.
diesel, beinskiptur
TILBOÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.102143



NISAN MICRA VISIA
Nýskr. 03/11, ekinn 11 þús km.
bensín, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 1.980 þús.
Rnr.141354.

bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Framsýni í fyrirrúmi

Lífeyrismál

Vilhjálmur
Egilsson
framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins



Lífeyrissjóðirnir eru taldir eintraustasta stoðin í íslensku samfélagi af öllum þeim alþjóðlegu stofnunum og aðilum sem fjalla um íslensk málefni. Grunnhugsun lífeyriskerfisins er að hver kynslóð spari fyrir sig og hefur það reynst afar farsælt fyrirkomulag og mun afstýra ómældum erfiðleikum í lífeyrismálum og skattlagningu á almenning og atvinnulíf þegar fram líða stundir.

Með fyrirkomulagi sjóðssöfnunar í íslensku lífeyrissjóðunum má ætla að vel yfir 50% af lífeyrisgreiðslum komi af tekjum af fjármagnsmarkaði en innan við helmingur verði framlög af vinnutekjum. Ef byggt væri á gegnumstreymi þar sem samþimaskattlagning á vinnumarkaði stæði undir lífeyrisgreiðslum yrði álagið óbærilegt þegar fram líða stundir.

Í mörgum nágrannalöndum er glímt við mikinn vanda í lífeyrismálum. Hlutfallslega fjölger sifjell lífeyrisþegum á móti þeim sem eru á vinnumarkaði. Þar með aukast kröfur um hærri álögur á vinnumarkað, skerðingu á lífeyr-

isgreiðslum eða hækkun lífeyrisaldurs eða blöndu af öllu þessu. Lífeyriskerfi sem byggð hafa verið á samtíma skattlagningu á vinnumarkað eru að lenda uppi á skeri.

Mannfjöldaprógn á Íslandi er svipuð og í nágrannalöndunum þótt hún gerist aldarfjórðungi síðar en þar. Búast má við því að árið 2050 verði 27% þjóðarinnar 65 ára og eldri en þetta hlutfall er nú um 12%. Ennfremur má búast við því að árið 2050 verði 11% þjóðarinnar 80 ára og eldri sem er nokkuð svipað hlutfall og nú hefur náð 65 ára aldri. Árið 2050 má búast við því að rúmlega tveir verði á vinnualdri, eins og hann er nú, fyrir fyrir hvern einn sem er á lífeyrisaldri.

Íslenska lífeyriskerfið gerir þjóðina vel í stakk búna til þess að takast á við þau verkefni sem fylgja þessari þróun. Útgangspunktur í kerfinu er að inngreiðslur eru skattfrjálssar en útgreiðslur skattskyldar. Þetta þýðir að hver kynslóð er ekki aðeins að leggja ráðstöfunartekjur sínar til hlíðar vegna framtíðarinnar heldur skattgreiðslurnar líka. Lífeyrisþegar framtíðarinnar verða því skattgreiðendur og leggja sitt af mörk-

um til þess að standa undir þeirri þjónustu sem þeir fá, t.d. heilbrigðisþjónustu sem stórukin þörf verður fyrir.

Uppbygging lífeyriskerfis eins og hér á landi tekur marga áratugi. Það hefur verið að þróast smám saman í meira en 100 ár, stórt skref var stigið fyrir meira en 40 árum og svo mörg minni skref í kjölfarið. Enn á lífeyriskerfið eftir að þroskast og dafna. Nú koma 58% lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum en 42% frá almannatryggingum. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga eru nú 4% af vergri landsframleiðslu sem er með því lægsta sem sést í velferðarríkjum.

Mörgum sem nú hefja töku lífeyris finnst þeir hafa slök lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum. Ástæður þess geta verið ýmsar m.a. vegna þess að lengi var einungis greitt iðgjald af dagvinnu og jafnvel var þak á inngreiðslur. Nú er lágmarksíðgjald 12% af öllum launum. Lífeyrisréttindin úr lífeyrissjóðum verða því sifjell meiri eftir því sem nýir árgangar ná lífeyrisaldri. Eftir 20 til 30 ár koma lífeyrisgreiðslur að meginhluta úr lífeyrissjóðum en hlutverk almannatrygginga verður takmarkaðra en nú.

Staða Háskólans í Reykjavík

Menntamál

Sverrir
Ólafsson
prófessor í
fjármálastærðfræði við
Háskólann í Reykjavík



HR í háskólasamfélaginu er afar mikilvægt. Hann er menntastofnun sem þjóðin getur verið stolt af og stjórnvöld ættu, með hagsmunum Íslendinga að leiðarljósi, að styðja Háskólann í Reykjavík áfram til dádaverka á sviði menntunar og rannsókna.

Þrátt fyrir þetta eru blikur á lofti. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2013 er lagt til að HR hljóti hlutfallslega langtum minni fjárhagslegan stuðning en sambærilegar stofnanir í þjóðfélaginu. Og þetta er þrátt fyrir óumdeilanlegan árangur skólans, bæði á sviði reksturs, kennslu og rannsókna. Skilvirkni í rekstri skólans er óumdeilanleg. Staðreyndirnar tala sínu máli:

og hamingjusamara samfélagi í framtíðinni. Lækkun á árlegu framlagi ríkisins til HR nemur 500 milljónum að raunvirði. Niðurskurður fjárframlags ríkisins til Háskólans í Reykjavík er yfir 17% milli árunna 2009 og 2013, á meðan niðurskurður til Háskólans á Akureyri er um 8% yfir sama tímabil og niðurskurður til Háskóla Íslands er innan við 1%. Hér er rétt að benda á að hefði niðurskurður til HR verið sambærilegur við HA, væri HR með verulega jákvæða afkomu árið 2012 og mun minni halli hefði verið 2011.

Það er einfaldlega skemmdarverk að höggva svo hart að þessari metnaðarfullu stofnun, sem stuðlar að menntun frábærs

Ég skora á stjórnvöld að endurskoða afstöðu sína til fjármögnunar Háskólans í Reykjavík. Árangur HR er óumdeilanlegur og íslenskt mennta- og fræðasamfélag væri langtum fátækara ef þessa háskóla nyti ekki við í núverandi mynd.

- HR útskrifar 18% þeirra sem ljúka háskólamenntun fyrir 14% af framlögum hins opinbera til kennslu á háskólastigi.

- Háskólinn í Reykjavík birtir 14% greina í ISI-tímaritum, þó svo að hann fái aðeins 9% af framlögum hins opinbera til rannsókna í háskólum.

- Háskólinn í Reykjavík útskrifar tvo þriðju allra sem ljúka tækninámi á háskólastigi, helming allra sem ljúka viðskiptafræðinámi og þriðjung þeirra sem ljúka laganámi.

- Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á eina viðskiptafræðinámið á Íslandi sem hefur alþjóðlega gæðavottun, EPAS-vottun á BSc-námi og MBA-vottun á MBA-náminu.

- Háskólinn í Reykjavík starfar í nánnum tengslum við atvinnulífið og vinnur stöðugt að því að mæta þörfum Íslands fyrir menntaðan mannauð.

Samt er nú höggvið að stoðum skólans og um leið að íslensku mennta- og fræðasamfélagi, einmitt þess hluta samfélagsins sem svo brýnt er að styrkja svo við fáum að lifa í traustara

fólks, á öllum aldri, á margvíslegum fræðasviðum og menntastigum, allt frá einstökum námskeiðum, grunnháskólagráðum, til meistara- og doktorsgráða. Það er óviðunandi að veita HR ekki sanngjarnan stuðning í samræmi við það sem aðrar ámtóta stofnanir samfélagsins njóta.

Fram hefur komið að skólann vanti um það bil 120 milljónir króna til að ná endum saman árið 2012. Upphæðin sem um er að ræða samsvarar verði stórs einbýlishúss. Á að stefna næststærsta háskóla landsins í hættu fyrir þessa upphæð?

Ég skora á stjórnvöld að endurskoða afstöðu sína til fjármögnunar Háskólans í Reykjavík. Árangur HR er óumdeilanlegur og íslenskt mennta- og fræðasamfélag væri langtum fátækara ef þessa háskóla nyti ekki við í núverandi mynd. Ég treysti því að stjórnvöld sjái sóma sinn í að veita Háskólanum í Reykjavík þann stuðning sem hann verðskuldar. Hér má einungis taka mið af gæðum á framlagi háskólans og hagsmunum íslensks samfélags.

Um frumvarp til laga um trúfélög og lífsskoðunarfélög

Trúmál

Bjarni Randver Sigurvinsson
stundakennari við HÍ



Pétur Pétursson
prófessor við HÍ



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifar grein í Fréttablaðið 25. okt. sl. þar sem hann greinir frá því að frumvarp til laga um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sæti slíkri andstöðu á Alþingi að ekki hafi náðst að leggja það fram til atkvæðagreiðslu. Frumvarpið snýst að stórum hluta um að koma á jafnræði milli skráðra trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga sem kenna sig við trúleysi. Slíkt frumvarp er fyrir löngu orðið tímabært eins og við bentum á í grein um drögin að því í Morgunblaðinu 24. nóvember 2011 og ber að þakka Ögmundi fyrir það hvernig hann hefur fylgt málinu eftir.

En þótt við styðjum frumvarpið í megindrátum gerum við enn athugasemdir við þann greinarman sem gerður er þar á trúfélögum og lífsskoðunarfélögum. Þar er skilyrðið fyrir skráningu trúfélags „að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú“ meðan skilyrðið fyrir skráningu lífsskoðunarfélags er „að um sé að ræða

félag sem byggist á veraldlegum lífsskoðunum, miðar starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og fjallar um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti“. Út frá forsendum almennra trúarbragðafræða er auðveldlega hægt að færa rök fyrir því að þessi aðgreining standist ekki. Öll trúfélög eru lífsskoðunarfélög, öll miða þau starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og öll fjalla þau um siðfræði og þekkingarfræði með skilgreindum hætti. Þannig er ekki hægt að halda því fram að þetta sé sérkenni félaga sem byggjast á „veraldlegum lífsskoðunum“.

Þar að auki má hæglega færa rök fyrir því út frá viðteknum skilgreiningum og flokkunarkerfum innan almennra trúarbragðafræða að sú aðgreining milli trúar og veraldlegra lífsskoðana sem gerð er í frumvarpinu standist ekki. Þetta er ekki spurning um hvort um sé að ræða „lífsskoðunarfélög sem ekki aðhyllast trúarlegar kenningar“ eins og segir í athugasemdum innanríkisráðuneytisins með frumvarpinu, heldur hvort um sé að ræða lífsskoðunarfélög sem kjósa að aðgreina sig frá öllu því sem þau sjálf skilgreina sem trúarlegt. Starfsemi, athafnir og hugmyndafræði Siðmenntar, svo dæmi sé tekið, geta hæglega flokkast sem trúarlegar út frá forsendum almennra trúarbragðafræða. Þannig býður t.d. félagið upp á helgiathafnir á ævihátíðum einstaklinga og við tímamót í lífi fjölskyldna sem eru sambærilegar helgiathöfnum í trúfélögum og gegna sama hlutverki. Enn frem-

ur má rekja sögulegar og mennningarlegar rætur félagsins langt aftur í aldir í gegnum m.a. hreyfingu unitara. Það er með ólíkindum að umsóknunum Siðmenntar um skráningu út frá nágildandi lögum hafi í tvígang verið hafnað. Hins vegar er sjálfsagt mál að taka tillit til þess í nýju lagafrumvarpi að félagið kys einmitt að aðgreina sig frá trúarhugtakinu.

Þau skilyrði fyrir skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem tilgreina þarf í frumvarpinu þurfa að vera sameiginleg einkenni þeirra allra, óháð því hvort þau kjósi á eigin forsend-

það sjónarmið þeirra sem mótuðu núverandi lög frá 1999 um skráningu trúfélaga að sniðganga beri almenna trúarbragðafræði í þessum efnum. Þetta er orðað þannig „að ekki sé verið að setja fram fræðilega skilgreiningu á hugtakinu trúfélag sem trúarbragðafræðingar séu endilega sammála um, heldur eingöngu verið að setja fram almenn skilyrði sem trúfélag verður að uppfylla til að hljóta skráningu“ og er tekið fram að það sama gildi þar með um hugtakið lífsskoðunarfélag. Einkenni-legt er að trúarbragðafræðin skuli sniðgengin með þessum hætti við

Starfsemi, athafnir og hugmyndafræði Siðmenntar, svo dæmi sé tekið, geta hæglega flokkast sem trúarlegar út frá forsendum almennra trúarbragðafræða.

um að skilgreina sig til tiltekinna trúarhefðar eða frá hvers kyns trú. Allur gangur er á því hvernig trúarhugtakið er skilgreint innan hinna ýmsu félaga og því er það ekki hlutverk ríkisvaldsins að festa túlkun eins félags umfram annars í lög í eitt skipti fyrir öll á skjön við almenna trúarbragðafræði.

Vandinn við frumvarpið er að það endurspeglar um of sérskilning Siðmenntar á trúarhugtakinu án þess að tekið sé tillit til fræðilegrar greiningar trúarbragðafræðinga á víðara merkingasviði þess. Athygli vekur að í athugasemdum innanríkisráðuneytisins með frumvarpinu er tekið undir

gerð frumvarpsins, því að fræðileg greining á þeim grundvallarhugtökum sem um ræðir hlýtur að skipta máli og auka líkurnar á ígrundaðri lagasetningu.

Þó svo að endurskoða þurfi frumvarpið í ljósi ofangreindra athugasemda ættu breytingarnar að vera einfaldar. Mikilvægt er að það sé gert með þeim hætti að sem viðtækust samstaða náist um það. Félag á borð við Siðmennt, sem kjósa að aðgreina sig frá trú í þröngri merkingu þess hugtaks, eiga fullan rétt á því að öðlast þá viðurkenningu og þau réttindi sem formleg tengsl við ríkisvaldið hafa í för með sér.

AF NETINU

Hugleiðingar um hrunvalda

Þarna sat seðlabankastjóri og talaði um hundruð milljarða skuldir þrotabúa bankanna, snjóhengjur, kröfuhafa, gjaldeyrishöft, skuldabréf og ég veit ekki hvað – eins og þetta væri bara sjálfsagður hlutur. Skuldir íslensku þjóðarinnar eru svo gígantískar að þetta örsamfélag getur ekki með nokkru móti staðið undir þeim. Skuldir íslensku þjóðarinnar? Já, glæpamennirnir – sem allir ganga lausir, sitja á þingi, stunda sín viðskipti óáreittir og neita að borga auðlindagjald – dembu skuldunum á okkur, íslenska skattborgara. [...]

Ég veit ekki hvort þið hafið horft og hlustað á þetta. Margir eru hættir að horfa á fréttir, Kastljós og Silfríð. Eiga nóg með sig og sína og vilja ekki láta þjóðfélagsmæðuna íþyngja sér. Gott og vel, en þetta kemur okkur samt öllum við. Hverju einasta mannsbarni á landinu.

Lára Hanna Einarsdóttir
blog.pressan.is/larahanna

Sjálfstæðisflokkurinn í Suðvesturkjördæmi

Miðað við skoðanakannanir má ætla að þau sem lentu í 6 efstu sætum í prófkjörinu nái kjöri á Alþingi næsta vor. Allt eru þetta góðir fulltrúar og traust fólk, en stóra vandamálið er hins vegar að engin í þessum hópi hefur áhuga á mikilvægasta velferðarmálinu sem er afnám verðtryggingarinnar. Ég vona að þau athugi að það mál kann að skipta sköpum um fylgi eða fylgisleysi Sjálfstæðisflokksins í næstu kosningum.

Jón Magnússon
jonmagnusson.blog.is

Gille piparkökur
einfalda
jólabaksturinn



– alvöru piparkökur

BÓNUS

HAGKAUP

Fást í verslunum Hagkaups og Bónus



66 KRISTER HENRIKSSON LEIKARI Á AFMÆLI Í DAG.

„Ferli mínum er lokið. Ég þarf að finna annað starf sem ögrar mér. Mér hefur dottið í hug að vera með uppistand og segja öllum frá lífi mínu. Sýna hugrekki á sviðinu.“

Merkisatburðir

- 1906 Blaðamannaávarpið sett fram af ritstjórum sex helstu dagblaða á Íslandi.
- 1944 Þúsund farast þegar þýska skipið Tirpitz sekkur utan við Tromsø í Noregi.
- 1965 Hvassaleitisskóli er settur í fyrsta skipti.
- 1967 Flatey á Skjálfanda fer í eyði er síðustu 10 íbúarnir flytjast þaðan. Þar höfðu 100 manns búið fáum árum áður.
- 1991 Íslenska stálfélagið hf. er tekið til gjaldþrotaskipta.
- 1994 Guðmundur Árni Stefánsson biðst lausnar sem félagsmálaráðherra og tekur Rannveig Guðmundsdóttir við embætti.
- 2011 Silvio Berlusconi segir af sér embætti forsætisráðherra Ítalíu.

Skírnir komið út

Hausthefti Skírnis árið 2012 er komið út. Fjölbreytilegt efni er í ritinu að vanda og umfjöllunarefnið spanna ólíka tíma og rúm. Meðal efnis í þessu hefti má nefna grein Einars



NÝR RISTIÓRI
Haustheftið er hið fyrsta sem kemur út eftir að Páll Valsson settist í ritstjórstólinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kárasonar rithöfundar um höfund Njálu, þar sem hann færir bókmenntaleg rök fyrir kenningu sinni um hver skrifaði þetta meistaraverk íslenskra bókmennta. Nítjándi öldin kemur nokkuð við sögu í heftinu. Ólafur Gíslason listfræðingur varpar nýju ljósi á hina miklu Evrópuferð Tómasar Sæmundssonar Fjölismanns árið 1832 og Þórir Óskarsson birtir ítarlega rannsókn á því hvaða bókmenntir voru raunverulega lesnar í skólum á 19. öld. Björn Þorláksson rithöfundur setur gamlan íslenskan hrepparig á Tröllaskaga í óvænt samhengi og Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur skrifar skemmtilega grein um brandara um konur, þar sem hún fer í saumana á orðræðu og stöðluðum hugmyndum í þessu vinsæla gamanformi.

I heftinu birtist líka nýr ljóðabálkur, Almanakið eftir Ólaf Jóhann Ólafsson rithöfund og í myndlistarþætti Skírnis leggur Ólafur Gíslason til atlgöu við myndbandsverk Sigurðar Guðjónssonar vopnaður hugtökum úr smíðju klassískrar fagurfræði og goðsagna.

Ritstjóri Skírnis er Páll Valsson og útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag.



ÞÓRA Sumar myndirnar voru teknar inni í þrengslum lítilla íbúða á Þórsgötu en aðrar úti við eins og sú sem hér birtist. MYND/ALDA LÓA

Forvitni og veiðimennska

„Ætli það hafi ekki verið sambland af forvitni og veiðimennsku sem fékk mig til að mynda nágranna mína,“ segir Alda Lóa Leifsdóttir sem opnaði sýninguna Fólkið á Þórsgötu í Þjóðminjasafni Íslands á laugardaginn með 99 myndum af fólkinu á Þórsgötu. Myndirnar eru teknar á árunum 2004 en sjálf flutti hún í götuna árið 1999. „Á árunum 2004-2007 var ég mikili að vinna heima við hönnun og hafði þörf fyrir að komast út fyrir dyr að líta í kringum mig. Ég fékk lánaða filmuvél Mamyia 67 format og af því filmur eru svo dýrar tók ég fáar myndir af hverri manneskju. Því hafði ég ekki úr miklu að velja.“

Myndirnar eru bæði teknar úti og inni, að sögn Öldu Lóu. „Ég bý í miðri götunni og hafði minnst fyrir því að mynda fólkið í húsunum í kringum mig en svo dróst meira að ég næði sambandi við fólkið fjær mér,“ segir hún. „Á sýningunni eru myndir af fólki úr öllum húsunum, þó ekki af öllum íbúum sem hafa búið hér því þær eru teknar á löngu tímabili og fólk hefur dáðið eða flutt burt á þeim tíma.“



YRKIR FYRIR ABC Námskeiðssgjöldin á bragfræðinámskeiðinu renna óskipt til ABC barnahjálpar og Ragnar segist ánægður með að geta lagt þessu góða málefni líð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON: NÁMSKEIÐ OG VÍSUR TIL STYRKAR ABC BARNAHJÁLPA

Vísurnar enda sem brauð á borðum barna í Pakistan

Þarna verður farið í öll helstu grunnatriði í okkar hefðbundnu ljóðlist og skoðaðir helstu bragarhættir. Að því búnu fær fólk æfingu í að búa til vísur,“ segir Ragnar Ingi Aðalsteinsson sem í kvöld byrjar að kenna á bragfræðinámskeiði á vegum ABC barnahjálpar. Námskeiðið er óvenjulegt að því leyti að námskeiðsgjöldin sem þátttakendur greiða renna óskert til ABC barnahjálpar í Pakistan þar sem þau verða notuð til að koma aftur á skólamáltíðum í grunnskóla samtakanna.

Ragnar Ingi er þekktur hagröðingur og hefur margsinnis haldið slík námskeið áður en aldrei þó á vegum ABC. Hvernig kom það til? „Samtökin auglýstu í haust eftir fólki til að halda námskeið í sjálfboðavinnu til styrktar þessu góða málefni og ég stakk þá upp á því að vera með bragfræðinámskeið,“

segir hann. Bragfræðinámskeiðið er ekki það eina sem Ragnar Ingi leggur af mörkum til fjáröflunar fyrir ABC barnahjálpar því hann yrkir einnig vísur eftir pöntun gegn greiðslu sem rennur óskipt til samtakanna.

„Við vorum með hagröðingamót um síðustu helgi í húsnæði samtakanna og þar kváðust menn á og skemmtu sér og svo gátu viðstaddir keypt vísur og ákveðið sjálfir yrkisefnið. Þetta mæltist vel fyrir og ákveðið var að halda áfram með vísnaðluna. Fólk getur sem sagt pantað vísu hjá ABC um hvað sem því sýnist og við hagröðingarnir sjáum svo um að setja hana saman. Mér finnst upplagt að fólk fari að hvíla sig á blómum þegar það vill gleðja aðra og gefi vísur í staðinn til dæmis í afmælisgjöf eða af hvaða öðru tilefni sem verkast vill.“

Til að gefa fólki nasasjón af kveðskapnum tekur Ragnar eftirfarandi dæmi sem varð til á umræddu hagröðingamóti:

„Hér yrkjum við ljóð og leitum að orðum, létt verður allt þetta kvæðaflan ef vísurnar enda sem brauð á borðum barnanna okkar í Pakistan.“

Námskeiðið verður haldið fjögur kvöld. Í kvöld og annað kvöld og svo aftur mánudags- og þriðjudagskvöld í næstu viku frá klukkan 20 til 21.30 í húsnæði ABC skólans, Súðarvogi 3. Enn er hægt að skrá sig í síma ABC, 419 0990 eða bara mæta á staðinn í kvöld og skrá sig til þátttöku, bretta upp emmar og byrja að yrkja.

fridrikab@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. NÓVEMBER 1912

Lík Roberts Scott kemur í leitirnar

Bretinn Robert Scott háði kapphlaup við Norðmanninn Roald Amundsen um að verða fyrstur til að komast á suðurpólninn. Scott hafði áður reynt að komast þangað en ekki tekist. Skip Amundsens og Scotts komu til Suðurskautslandsins í janúar 1911. Scott var með vélsleða, smáhesta og hunda til að draga sleða sína en Amundsen hafði eingöngu hunda. Eftir að hafa setið veturinn af sér hófst leiðangur Scotts á suðurpólninn í byrjun nóvember. Hann og fjórir af mönnum hans komust á pólinn 17. janúar 1912. Þar uppgötvaðu þeir sér til sárna vonbrigða að Amundsen hafði verið á undan þeim, komið

fimm vikum áður. „Það versta hefur gerst!“ skrifaði Scott í dagbók sína. Þeir hófu 1.300 kílómetra leið sína til baka tveim dögum seinna. Fyrsti maðurinn lést um miðjan febrúar og sá næsti fór burt frá hópnum í von um að það gæti bjargað þeim sem eftir voru. Scott ritaði síðast í dagbók sína 29. mars og er talinn hafa látist þann dag, síðastur sinna manna. Leitarflokkur úr sveit Scotts fann lík hans 12. nóvember. Hann var álitinn mikil hetja í heimalandi sínu en síðar var leiðangursstjórn hans gagnrýnd. Aðalmistök hans eru sögð vera að treysta ekki á að hundarnir einir gætu séð um að draga sleðana.



Ástkær vinur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

PÁLL ÞORSTEINN JÓHANSSON
mjólkurfræðingur,
Suðurbraut 2, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítala miðvikudaginn 31. október. Hann verður jarðsúnginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir
Rut María Pálsdóttir
Sigurður Kristinn Pálsson
Jóhann Ásgrímur Pálsson
tengdabörn og barnabörn.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




JÓLASTJARNAN

Nú er tími jólastjörnnunnar að ganga í garð. Forðast ber að hafa of mikinn hita nálægt henni og sömuleiðis of mikinn kulda. Hún þarf daglega vökvun og best að nota ylvolgt vatn. Moldin þarf alltaf að haldast sæmlega rök.

Rennihurðarbrautir og læsingar.

GEZE



Eigum gott úrval af rennihurðarbrautum fyrir timbur eða glerhurðir frá vönduðum framleiðendum.

Einnig vandaðar læsingar fyrir timburhurðir

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is



VANDAMÁLIÐ LEYST

ÍSLENSK HÖNNUN Sverrir Ásgeirsson vöruhönnuður var orðinn þreyttur á snúruflækjum og týndum sínum heima hjá sér og hannaði sniðuga hirslu.

Það eru níu innstungur inni í skápnum og pláss fyrir hleðslutæki og snúror. Skúffa er undir lykla og fleira og einnig hilla. Týndir símar og hleðslutæki og snúruflækjur voru ákveðið vandamál heima hjá mér og þannig kviknaði hugmyndin," segir Sverrir Ásgeirsson vöruhönnuður en næsta föstudag bjóða þeir Stefán Pétur Sólveigarson á opunarhóf á vinnustofu sinni, Boxinu, þar sem þeir sýna tvær útgáfur af veggskáp.

Sverrir frumsýndi skápinn á sam-sýningu Félags vöruhönnuða á HönnunarMars fyrir tveimur árum en segir skápinn mikið breyttan síðan þá.

„Við Stefán Pétur höfum tekið hann í gegn, einfaldað hann og bætt og útfært hann á tvo vegu. Önnur útgáfan er úr eik og hin úr svörtu MDF. Svarta útgáfan er minni og einfaldari og í henni er ekki skúffa heldur einungis hilla," segir Sverrir og Stefán bætir við að vandamálið með týnda síma og snúror þekki allir að heiman. Myndavélar, lykklar og hleðslutæki séu sjaldnast þar sem við

höldum að þau séu þegar á að grípa til þeirra.

„Þetta hafði ekki verið leyst á fallegan hátt fannst okkur. Skápurinn færir okkur líka aftur í tímann þegar landlínusím-inn átti sinn ákveðna stað á heimilinu. Í skápnum er nú kominn staður fyrir síma, myndavélar og spjaldtölvur og fleiri rafmagnstæki sem er að finna á nútímaheimilum.“

Sverrir og Stefán útskrifuðust báðir frá Listaháskóla Íslands árið 2006 og hafa deilt vinnustofu síðan. „Við höfum unnið nokkur verkefni saman gegnum tíðina og höfum komið okkur upp ágætis verkstæði hér í Boxinu," segir Sverrir. „Ætlunin er að koma jafnvel út línu hús-gagna í þessum dúr í samvinnu. Við smíðum skápinn sjálfir og til að byrja með mun hann fást hér hjá okkur en við erum að vinna að því að koma honum í sölu verlanir.“

Skápurinn verður sýndur á föstudaginn 16. nóvember í Boxinu, Laugavegi 168, klukkan 16.

■ heida@365.is

SÝNA Í BOXINU

Sverrir Ásgeirsson og Stefán Pétur Sólveigarson vöruhönnuðir sýna tvær útgáfur af nýjum skáp á föstudaginn á vinnustofu sinni að Laugavegi 168. MYND/VALLI

SNIÐUG HIRSLA

Níu innstungur er að finna innan í skápnum og því geta mörg hleðslutæki átt sinn stað í skápnum.



ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

LAGERÚTSALA

að Kletthálsi 13

Rýmum fyrir nýjum vörum

Aðeins í 3 daga!

20-70%
afsláttur

www.svefn.is

fimmtud. 8. nóv. 12-18

föstud. 9. nóv. 12-18

laugard. 10. nóv. 12-16

Sími lagarútsölunnar er 660 0023

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

LÉTTIR
réttir

LÉTT
ENCHILADA
397 kcal.

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



STARFSFÓLKID Starfsfólk Birgisson hefur unnið hjá fyrirtækinu í áratugi og kunna sitt fag.

MYNDIR/VALLI

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ
FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

FAGMENN Í PARKETI, HURÐUM OG FLÍSUM

BIRGISSON KYNNIR Hjá Birgisson er lögð áhersla á að veita úrvalsjónusta á vörum frá þekktum framleiðendum á samkeppnishæfu verði sem hafa reynst vel á íslenskum heimilum. Mikið úrval er hjá Birgisson í rúmgóðu húsnæði.

Við setjum þarfir viðskiptavinarins í fyrsta sæti," segir Egill Birgisson hjá Birgisson ehf. „Áratuga reynsla fjölskyldunnar og starfsfólks okkar í sölu gólfefna og hurða, traust og góð viðskiptasambönd þar sem vinátta, virðing og gagnkvæmt traust ríkir, er undirstaðan að fyrirtæki okkar. Allt eru þetta viðskiptasambönd og umboð sem fjölskyldan hefur haft í yfir tuttugu ár.

ARMSTRONG-KERFI
Hjá Birgisson eru alltaf einhverjar nýjungar á boðstólum. Armstrong-kerfisloft eru ein af þeim en þau eru sérhönnuð fyrir skrifstofur og atvinnuhúsnæði. Í þessum kerfum eru margar sniðugar lausnir sem henta til dæmis mjög vel fyrir veitingahús.

RINGO-INNIHURÐIR
Hinar vinsælu Ringo-innihurðir eru nú fáanlegar með aukinni hljóðeinangrun. Við erum með yfir fjórtíu tegundir til sýnis í verslun okkar og getum boðið upp á enn meira úrval. Við leggjum áherslu á að bjóða alltaf það besta hverju sinni," segir Egill.

HAKWOOD-PARKET
„Hakwood-parket frá Hollandi er fyrir vandláta viðskiptavini sem vilja sjálfir hanna sitt eigið gólf, velja um viðartegund, áferð og yfirborðsmeðhöndlun. Hakwood, sem er einn stærsti parketframleiðandi í Evrópu, býður plankaparket fyrir þá sem gera miklar kröfur um gæði.

VINSÆLAR FLÍSAR
Við erum einnig með aukið framboð af flísam frá Casa dolce Casa, Florim og Buchtal sem hafa verið óhemju vinsælar," segir Egill.

KRONOTEX-PARKET
„Þá erum við með planku harðparket frá Kronotex í Þýskalandi sem hefur notið mikilla vinsælda. Kronotex er einn stærsti framleiðandinn á harðparketi í heiminum og framleiðir yfir



fimmtíu milljónir fermetra á ári. Við bjóðum aðeins upp á bestu tegundirnar, góða endingu og plankautlit sem viðskiptavinurinn sækist eftir. Þessar tegundir eru með mikið slitþol og 20-30 ára ábyrgð. Hægt er að fá þykkt frá 8-12 mm," segir Egill enn fremur.

NÝJUNGAR FRÁ KÄHRS
„Við höfum aukið úrvalið af gæðaparketinu frá Kährs og bjóðum nú meira úrval af plankaparketi og fleiri yfirborðsáferðir en áður. Úrvalið er ótrúlegt, yfir sjötíu tegundir. Það er gaman að segja frá því að engin verslun í Evrópu býður upp á jafn fjölbreytt úrval af Kährs-parketi. Allt Kährs-parketið er með 30 ára ábyrgð.

FLOTTUR SÝNINGARSALUR
Við bjóðum viðskiptavini velkomna í sýningarsalinn í Ármúla 8. Við kappkostum að aðstoða og leiðbeina viðskiptavinum af fremsta megni. Allar vörurnar sem við bjóðum eru í hæsta gæðaflokki og á samkeppnishæfu verði. Starfsmenn okkar eru til þjónustu reiðubúnir.

FEDGARNIR Birgir Þórarinnsson og Egill Birgisson reka fyrirtækið með ódrepani áhuga og af ástríðu. Þeir fylgjast vel með nýjungum, bæði hvað varðar hönnun og gæði.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **visir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAEGNIR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

NETVERSLUN

MÁNUDAGUR 12. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað Notað og nýtt, netöryggi, tilboð og vefverslunarkerfi.



Uppboðshús.is var opnað í október og selur bæði nýjar og notaðar vörur í mörgum vöruflokkum. Vörum fjölgað jafnt og þétt og kaupendur geta skoðað vörurnar í vöruhúsi fyrirtækisins.

MYND/STEFAN

Frábær þjónusta og gott vöruúrval hjá uppboðshús.is

Nú gefst Íslendingum kostur á að selja notaðar og nýjar vörur gegnum uppboðsvefinn uppboðshús.is. Kaupendur geta skoðað vörurnar í vöruhúsi fyrirtækisins áður en tilboð er lagt inn. Fyrirtækið sér um allt söluferlið fyrir seljendur varanna.

Markahæstar: Karen Helga Sigurjónsdóttir 7 – Hekla Daðadóttir 8.

Domino's-deild kvenna

Grindavík - KR 80-60 (46-22)
Stigahæstar: Crystal Smith 24, Petrunella Skúladóttir 20 – Björg Guðrún Einarisdóttir 14.
Keflavík - Haukar 82-68 (41-25)
Stigahæstar: Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Siarer Evans 25, Gunnhildur Gunnarsdóttir 22.
Njarðvík - Fjölnir 95-94 (48-48, 87-87)
Stigahæstar: Lele Hardy 44/22 fráköst – Britney Jones 46, Bergdís Ragnarsdóttir 19.
Snæfell - Valur 88-54 (58-29)
Stigahæstar: Hildur Sigurðardóttir 23, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 19 – Alberta Auguste 18.

Of góðir til að vera í sama liðinu

Björgvin Páll Gústavsson er á leið frá þýska úrvalsdeildarfélaginu Magdeburg í sumar. Hann óttast ekki atvinnuleitina og segir markaðinn góðan fyrir markverði. Stutt er í endurkomu hans eftir fylgigigtina.

HANDBOLTI Björgvin Páll Gústavsson fer frá þýska úrvalsdeildarfélaginu Magdeburg næsta sumar. Félagið ákvað að semja við annan markvörð, Dario Quenstedt, sem er reyndar uppallinn hjá félaginu en leikur nú með Lübbecke. Björgvin Páll segir að það hafi verið sameiginleg ákvörðun aðila að hann færi frá félaginu.

„Ég fundaði með hjálfarinum í vikunni og við ræddum þetta ítarlega. Mitt aðalmarkmið er að fá að spila reglulega og bæta mig og það varð því niðurstaðan að leita á önnur mið í sumar,“ segir Björgvin við Fréttablaðið. Hann hefur deilt markvarðarstöðunni með Hollendingnum Gerrie Eijlers.

„Við erum líklega of góðir markverðir til að geta verið í sama liðinu,“ segir Björgvin sem er þó ekki óánægður með veru sína hjá Magdeburg en hann er á sínu öðru ári þar.

Gekki vel í fyrri

„Markmið félagsins með því að fá mig var að auka hlutfallsmarkvörslu liðsins og það tókst. Markvarslan var mun betri á síðasta tímabili en árið þar á undan,“ segir Björgvin sem hefur verið frá keppni síðustu vikurnar eftir að hann fékk fyrst salmonellusýkingu og greindist svo með fylgigigt.



BJÖRGVIN PÁLL Kom til Magdeburg sumarið 2011.

NORDICPHOTOS/GETTY

Björgvin er þó á góðum batavegi og segir markmiðið að spila með Magdeburg á ný eftir rúma viku. Hann segist ætla að halda áfram að gefa allt sitt til félagsins.

„Þrátt fyrir allt hefur minn tími hér verið mjög góður og það verður vonandi þannig áfram. Það er heilmikið eftir af tímabilinu og stór verkefni fram undan, bæði

með félagsliðinu og landsliðinu. Ég ætla að leggja fyrst og fremst áherslu á að ná mér góðum á ný.“

Frakkland gæti verið spennandi

Björgvin Páll segir að umboðsmanni hans hafi þegar borist fyrirspurnir frá öðrum félögum.

„Það er auðvitað mikið sem kemur til greina. Ég hef verið í þýskumælandi löndum í nokkur ár og líður vel þar. Svo er franska deildin líka spennandi en ég er svo sem til í að prófa allt. Þetta snýst frekar um hvaða lið komi til greina en land,“ segir Björgvin en hann hefur ekki áhyggjur af því að það verði erfitt fyrir sig að vinna lið.

„Markaðurinn fyrir markverði er mjög góður núna. Markvarðarstaðan er mjög mikilvæg í handbolta og flest lið þurfa að vera með tvo góða markverði í sínum liðum. Þegar einn markvörður skiptir um lið geta farið miklar hrókeringar af stað og því oft margir möguleikar í stöðunni,“ segir Björgvin að lokum.

Magdeburg er í nýfunda sæti þýsku úrvalsdeildarinnar en auk Björgvins Páls hefur Eijlers einnig átt við meislislið stríða. Liðið fékk því hinn 41 árs gamla Kristian Asmussen að láni frá Nordsjælland í Danmörku til áramóta.

eirikur@frettabladid.is

Haukar fóru illa með FH-inga í Kaplakrika:

Þriðji markvörður Hauka var hetjan

HANDBOLTI Haukar gjörsigruðu nágranna sína í FH 31-18 í ójöfnu handboltaleik á heimavelli FH í N1-deild karla á laugardaginn.

Eins og lokatölurnar gefa til kynna voru yfirburðir Hauka miklir en aðeins var jafnræði með liðunum fyrsta stundarfjórðung leiksins.

Leiknum hafði víða verið stillt upp sem einvígi landsliðsmarkvarðanna Arons Rafns Eðvarðssonar hjá Haukum og Daníels Freys Andrússonar hjá FH en það var tvítugur strákur úr öðrum flokki Hauka sem stal senunni.

Einar Ólafur Vilmondarson kom í mark Hauka í stöðunni 6-6 eftir tólf mínútna leik og lokaði marki liðsins. Hann fékk tvö mörk á sig á 18 mínútum í fyrri hálfleik og þegar upp var staðið var hann með 14 skot varin eða 54% markvörslu.

Einar Ólafur hóf feril sinn í FH undir stjórn Loga Geirssonar en skipti mjög ungur í Hauka. Hann er enn í öðrum flokki félagsins og var með báða fætur kyrfilega á jörðinni þegar hann ræddi við Fréttablaðið skömmu eftir leikinn á laugardaginn.

„Ég er bara þriðji markvörðurinn í Haukum. Giedrius Morkunas lenti í vinnuslysi og Aron Rafn fann sig ekki í byrjun. Ég kom inn á og svaraði bara kallinu ágætlega held ég,“ sagði Einar Ólafur.

„Vörnin var mjög góð og það fannst mér aðallega skila sigrinum. Ég veit ekki hvað ég varði marga bolta og mér fannst ég ekki vera að taka neitt rosalega mikið af boltum. Vörnin var virkilega góð og við spilum ágætlega í sókninni.“

Það var vel mætt í Kaplakrika en það truflaði Einar Ólaf ekkert að spila fyrir framan á annað þúsund áhorfendur.



EINAR ÓLAFUR Stal senunni í Hafnarfjarðarslagnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við erum með góðan hjálfa og hann mótiveraði okkur vel. Við náðum að stilla spennustigið á þægilegan punkt og þá smellur þetta,“ sagði Einar Ólafur sem vakti ekki síður athygli fyrir frábærar sendingar fram völlinn en góða markvörslu. Stefán Rafn Sigurmannsson sem skoraði 10 mörk í leiknum naut sérstaklega góðs af hnitmiðudum sendingum Einar Ólafs fram völlinn.

„Ég er ekki með neitt sérstaklega góðar sendingar og ég veit ekki hvað gerðist. Suma daga smellur þetta og aðra ekki,“ sagði þessi einkar högværi ogungi markvörður Hauka.

- gmi



NATUFOOD

- Bætiefni í fæðuformi



Hveitikím

Ein næringarríkasta fæðutegund sem fyrirfinnst.

Einstaklega ríkt af próteini (27g í 100g), járni, E og B1 vítamíni. Gott í músli, jógúrt, bakstur og þeytinginn.

Hveitikímólía – Höfræolía – Omega 3-6-9

Auðugar af lífsnauðsynlegum fitusýrum.

Góðar fyrir húð, hár, heila, hjarta- og æðakerfi. Til inntöku, í þeytinginn og grautinn.

Blómafrjókorn (ofurfæða)

Innihalda nánast öll vítamínin og steinefnin, einnig fitusýrur, aminosýrur, prótein (40%) og kolvetni.

Orkugefandi og einnig góð til að varna sýkingum því þau innihalda ríkulegt magn propolis. Góð út á jógúrt, í músli, þeytinginn og til inntöku (1-2 tsk.).

4,9 – 8,0 L/100 KM GERI AÐRIR BETUR!

KYNNIÐ YKKUR
REKSTRARLEIGU
TIL FYRIRTÆKJA

TRAFIC STUTTUR

VERÐ FRÁ: **3.338.645** KR. ÁN VSK.

2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 6,9 L/100 KM*



KANGOO II EXPRESS

VERÐ: **2.462.151** KR. ÁN VSK.

1,5 DÍSIL - 90 HÖ - 4,9 L/100 KM*



MASTER MILLILANGUR

VERÐ FRÁ: **4.215.139** KR. ÁN VSK.

2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,0 L/100 KM*



www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR. Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master hefur gríðarstórt flutningarými og er fánlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

*Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur



RENAULT



BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

KRONAN

FRÁBÆRT VERÐ - alla daga!



Ali tilbúnir réttir, frosnir, 1 kg

- Kjúklingasnitsel 1258 kr.
- Grísnitsel m/osti og skinku 1258 kr.
- Grísakjötbollur 1258 kr.



1168 kr. pk.
Gríms ýsa í raspi, 1 kg

**15%
afsláttur**



1358 kr. kg

Verð áður 1548 kr. kg
Grísk panna með grísakjöti og ítölsk panna með nautakjöti



ÖFLUGUR VARAMAÐUR Edin Dzeko hefur komið inn á í ófám leikjum City og skorað mikilvæg mörk.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Dzeko enn og aftur hetjan

Fjörug helgi er að baki í ensku úrvalsdeildinni. Manchester-liðin tvö eru á toppi deildarinnar en Chelsea féll niður í þriðja sætið eftir 1-1 jafntefli gegn Liverpool.

FÓTBOLTI Ellefta umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu fór fram um helgina og margir skemmtilegir leikir litu dagsins ljós.

Chelsea og Liverpool gerðu 1-1 jafntefli á Stamford Bridge en John Terry gerði mark heimamanna í leiknum en Luis Suarez skoraði jöfnunarmark Liverpool.

Chelsea hefur nú ekki unnið í síðustu þremur deildarleikjum sínum og er liðið dottið niður í þriðja sætið eftir að hafa verið á toppnum fyrir örfám vikum.

„Við erum vonsviknir með markið sem við fengum á okkur, það kemur úr hornspyrnu og við eigum að vera sterkari að dekla leikmenn andstæðingsins í slíkum tilvikum,“ sagði Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, eftir leikinn.

„Við sýndum mikinn karakter að koma til baka og gefast ekki upp. Liðið lék illa í fyrri hálfleiknum en það kom allt annað Liverpool lið til leiks í þeim síðari. Það er gríðarlega erfitt að koma hingað á Brúna og því var þetta stig mikilvægt og virkilega sterkt.“

Ofurvaramaðurinn Dzeko

Manchester City vann frábæran sigur á Tottenham, 2-1, en liðið lenti 1-0 undir í fyrri hálfleik. Sergio Agüero og Edin Dzeko skoruðu mörk City sem er í öðru sæti deildarinnar.

„Þetta var gríðarlega mikilvæg-

ur sigur og sérstaklega mikilvægur þar sem við lentum í miklu mót-læti. Það voru margir mikilvægir leikmenn meiddir hjá okkur í dag en það skipti litlu. Ég sá það strax á mínum mönnum í byrjun leiks að þeir voru ákveðnir og alltaf líklegir,“ sagði Roberto Mancini, knattspyrnustjóri Manchester City, eftir leikinn.

Nolan tryggði góðan útisigur

West Ham vann góðan sigur, 1-0, á Newcastle á útivelli en leikurinn var nokkuð jafn og spennandi en aðeins eitt mark leit dagsins ljós en Kevin Nolan skoraði mark West Ham.

„Við höldum markinu hreinu og það lagði grunninn að þessum frábæra sigri í dag,“ sagði Sam Allardyce, knattspyrnustjóri West Ham, eftir leikinn.

„Það er enginn jafn ánægður með Kevin Nolan og ég í dag. Það er gríðarlega erfitt að koma á þennan völl en við nýttum okkur þá staðreynd að Newcastle lék í Evrópu-deildinni um miðja viku og allt gekk upp.“

Arsenal klikkaði á víti í blálokín

Arsenal og Fulham gerðu 3-3 jafntefli í London í

miklum markaleik en það fór mikið fyrir Búlgaranum Dimitar Berbatov sem lét heldur betur finna fyrir sér. Berbatov gerði tvö mörk fyrir Fulham í leiknum og lék einstaklega vel. Arsenal gat tryggt sér stigin þrjú úr vítaspyrnu í viðbótartíma en Mikel Arteta mistókst að skora úr henni.

„Þetta er mjög pirrandi vegna þess að það er erfitt að skora mörk. Við verðum þó að halda áfram að skora og verðum auðvitað að bæta varnarleikinn líka,“ sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, eftir leikinn.



„Mér finnst Giroud alltaf hafa verið hættulegur og hann var góður í dag. Berbatov átti líka góðan leik fyrir Fulham og hann sýndi að hann er enn mjög góður leikmaður þegar hann fær að spila um hverja helgi.“

Everton vann fínan sigur á Sunderland 2-1 eftir að hafverið marki undir í leiknum. - sáþ

LUIS SUAREZ Skoraði jöfnunarmark Liverpool gegn Chelsea í gær.

Javier Hernandez hetjan þegar Manchester United vann 3-2 sigur á Villa:

Við í United gefumst aldrei upp

FÓTBOLTI Javier Hernandez var hetja Manchester United sem vann ótrúlegan 3-2 sigur á Aston Villa eftir að hafa lent 2-0 undir. Hernandez kom inn á sem varamaður í hálfleik og skoraði tvö mörk auk þess að eiga stóran þátt í því þriðja.

„Við höfum aldrei gefist upp í sögu Manchester United,“ sagði Hernandez. „Það er það sem stjórnin og allar þessar goðsagnir kenna manni. Leikurinn er 90 mínútur og maður berst til leiksloka.“

Austurríkismaðurinn Andreas Weimann skoraði bæði mörk Aston Villa en hvorki hann né aðrir leikmenn Villa réðu við Chicharito [litlu baunina] eins og Hernandez er kallaður. Hann fékk

reyndar ekki þrennuna skráða á sig þar sem annað mark United var skráð sem sjálfsmark á Ron Vlaar. Hann stýrði skoti Hernandez í eigið mark.

„Ég vil fá þrennuna skráða á mig,“ sagði Hernandez. „Ég skaut að marki og varnarmaðurinn sem reyndi að skjóta boltanum í burtu skaut í sömu átt og ég. Þetta var pottþétt á leiðinni inn,“ bætti hann við.

„En það skiptir ekki máli hver skorar mörkin. Það mikilvægasta er að við erum á toppi deildarinnar og að við náðum að vinna leik eftir að hafa verið tveimur mörkum undir,“ sagði Mexíkóinn.

LITLA BAUNIN Lykilmaður í endurkomu Manchester United gegn Aston Villa.

United í tapstöðu

Manchester United hefur lent undir í tíu leikjum á tímabilinu:

Enska úrvalsdeildin:

0-1 undir gegn Everton	0-1 tap
0-1 undir gegn Fulham	3-2 sigur
0-1 og 1-2 undir gegn S'ton	3-2 sigur*
0-1 undir gegn Liverpool	2-1 sigur*
0-2 undir gegn Tottenham	2-3 tap
0-1 undir gegn Stoke	4-2 sigur
0-2 undir gegn Aston Villa	3-2 sigur**

Meistaradeild Evrópu:

0-1 undir gegn CFR Cluj	2-1 sigur*
0-2 undir gegn Braga	3-2 sigur**
0-1 undir gegn Braga	3-1 sigur

*Robin van Persie skoraði sigurmarkið.
**Javier Hernandez skoraði sigurmarkið.

Alex Ferguson, stjóri United, lofði sinn mann eftir leikinn. „Mér fannst að hraði hans og hreyfingar gætu breytt leiknum. Hann var frábær, eins og svo oft áður. Þegar maður skorar þrennu þá er maður sjálfvalinn í næsta leik,“ sagði Ferguson um Hernandez.

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Arsenal - Fulham	3-3
1-0 Olivier Giroud (10.), 2-0 Lukas Podolski (22.), 2-1 Dimitar Berbatov (28.), 2-2 Alexander Kacaniklic (39.), 2-3 Dimitar Berbatov (66.), 3-3 Olivier Giroud (68).	
Aston Villa - Manchester United	2-3
1-0 Andreas Weimann (45.), 2-0 Andreas Weimann (49.), 2-1 Javier Hernandez (57.), 2-3 Javier Hernandez (86.).	
Everton - Sunderland	2-1
0-1 Adam Johnson (45.), 1-1 Marouane Fellaini (75.), 2-1 Nikica Jelavic (78.).	
Southampton - Swansea	1-1
1-0 Morgan Schneiderlin (64.), 1-1 Nathan Dyer (72.).	
Stoke - QPR	1-0
1-0 Charlie Adam (51.).	
Wigan - West Brom	1-2
0-1 James Morrison (30.), 1-2 Arouna Konã© (43.).	
Manchester City - Tottenham	2-1
0-1 Steven Caulker (20.), 1-1 Sergio Agüero (65.), 2-1 Edin Dzeko (87.).	
Chelsea - Liverpool	1-1
1-0 John Terry (20.), 1-1 Luis Suarez (73.).	

Man. United	11	9	0	2	29-16	27
Man. City	11	7	4	0	20-10	25
Chelsea	11	7	3	1	23-11	24
Everton	11	5	5	1	21-14	20
West Brom	11	6	2	3	17-12	20
West Ham	11	5	3	3	14-11	18
Tottenham	11	5	2	4	18-16	17
Arsenal	11	4	4	3	18-11	16
Fulham	11	4	4	3	24-19	16
Newcastle	11	3	5	3	12-15	14
Swansea	11	3	4	4	16-15	13
Stoke City	11	2	6	3	9-10	12
Liverpool	11	2	6	3	14-16	12
Wigan	11	3	2	6	12-18	11
Norwich	11	2	5	4	8-18	11
Sunderland	10	1	6	3	7-11	9
Aston Villa	11	2	3	6	10-17	9
Reading	10	0	6	4	12-18	6
Southampton	11	1	2	8	15-29	5
QPR	11	0	4	7	8-20	4

Enska B-deildin

Barnsley - Huddersfield	0-1
Blackburn - Birmingham	1-1
Blackpool - Bolton	2-2
Cardiff - Hull City	2-1
Heiðar Helguson skoraði fyrri mark Cardiff á 3. mínútu. Honum var skipt af velli í síðari hálfleik en Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn.	
Ipswich - Burnley	2-1
Leeds - Watford	1-6
Leicester - Nottingham Forest	2-2
Millwall - Derby	2-1
Peterborough - Crystal Palace	1-2
Wolves - Brighton & Hove Albion	3-3
Björn Bergmann Sigurðarson kom inn á sem varamaður í liði Wolves á 58. mínútu.	
Bristol City - Charlton	0-2
Eggert Gunnþór Jónsson lék ekki með Charlton vegna meiðsla.	

STAÐA EFSTU LIÐA

Crystal Palace	16	10	3	3	32-22	33
Middlesbrough	16	10	2	4	28-20	32
Cardiff	16	10	1	5	33-23	31
Hull City	16	9	1	6	24-21	28
Leicester	16	8	3	5	23-16	27
Huddersfield	16	8	3	5	22-21	27
Blackburn	16	6	7	3	22-19	25
Brighton	16	6	6	4	22-14	24
Derby	16	6	5	5	25-21	23
Millwall	16	6	5	5	29-26	23
Nott. Forest	16	5	8	3	23-20	23
Watford	12	7	2	7	25-23	23

Pýska úrvalsdeildin

Kiel - Lübecke	30-23
Aron Pálmarsson skoraði fjögur mörk fyrir Kiel og Guðjón Valur Sigurðsson tvö. Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.	
Gummersbach - Rhein-Neckar Löwen	28-30
Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Löwen. Guðmundur Guðmundsson þjálfar liðið.	
Melsungen - Minden	26-21
Vignir Svavarsson skoraði ekki fyrir Minden.	
Göppingen - Wetzlar	23-27
Kári Kristján Kristjánsson skoraði tvö mörk fyrir Wetzlar og Fannar Friðgeirsson eitt.	
Füchse Berlin - Lemgo	21-19
Dagur Sigurðsson er þjálfari Füchse Berlin.	
Magdeburg - Grosswallstadt	33-25
Björgvin Páll Gústavsson lék ekki með Magdeburg vegna meiðsla. Sverre Jakobsson lék í vörn Grosswallstadt.	
Hannover-Burgdorf - Flensburg	29-28
Arnór Atlason skoraði ekki fyrir Flensburg.	
Tusem Essen - Hamburg	26-34

STAÐA EFSTU LIÐA

RN Löwen	11	11	0	0	+52	22
Kiel	11	10	1	0	+88	21
F. Berlin	11	8	2	1	+24	18
Wetzlar	11	7	1	3	+16	15
Hamburg	11	6	2	3	+22	14
Hannover-B.	11	6	1	4	-7	13
Flensburg	10	5	2	3	+52	12
Magdeburg	11	6	0	5	+18	12
Lübecke	11	6	0	5	+10	12
Melsungen	10	4	3	3	+14	11
Göppingen	11	4	1	6	+2	9

Valur mætti rúmenska liðinu HC Zalau í EHF-bikarkeppninni en féll úr leik vegna færri marka á „útivelli“:
Verður ekki meira svekkjandi en þetta tap

HANDBOLTI Valur féll úr leik í 3. umferð Evrópukeppninnar í handknattleik kvenna fyrir HC Zalau. Valsmenn töpuðu síðari leiknum 22-21 og féllu því úr leik með færri mörkum skoruðum á útivelli. Báðir leikirnir fóru fram í Vodafone-höllinni um helgina. Valur byrjaði leikinn frábærlega og hafði sex markað forystu í hálfleik, 16-9. Liðið náði aðeins að skora fimm mörk í þeim síðari og féll því úr leik.

„Þetta er eins svekkjandi og hægt er,“ sagði Atli Hilmarrsson,

aðstoðarþjálfari Vals, eftir leikinn á laugardagskvöld.

„Heilt yfir ef maður tekur þessa tvo leiki saman þá er Valsliðið að spila frábærlega og við stóðum okkur virkilega vel. Ef liðið hefði farið áfram úr þessu einvígi þá er ég viss um að stelpurnar hefði gert góða hluti í þessari keppni, þetta er gríðarlega sterkur andstæðingur. Svona viðureign er nauðsynlega fyrir okkur þar sem ekki er um marga spennandi leiki í íslensku deildinni,“ sagði Atli.

- sáþ



Í STRANGRI GÆSLU Þorgerður Anna Atladóttir sækir hér að vörn rúmenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



...gjörði svo vel

Sumir líta á Hrísmjólkina sem sparimorgunmat, aðrir sem gómsætt millimál. En það er vel þekkt leyndarmál að Hrísmjólkin er líka glæsilegur eftirrættur í skál sem þú getur reitt fram hraðar en gestirnir ná að segja: „Takk fyrir mig.“



...hvert er þitt eftirlæti?

> Stöð 2 kl. 22.40

Man vs. Wild

Ævintýramaðurinn Bear Grylls mætir á Stöð 2 í kvöld með þáttinn *Man vs. Wild*. Hann heimsækir ólíka staði í heiminum þar sem hann hefur ferð sína langt frá manna-byggðum og þarf að berjast við náttúruöflin og bjarga sér við erfiðar aðstæður á leið sinni til byggða. Í þessum fyrsta þætti kemur Grylls til Íslands þar sem hann stekkur úr fallhlíf og lendir uppi á jökli, einungis með hníf, vatnsbrúsa og eldfæri til að bjarga sér.



dagskrá

Í KVÖLD



Einstein and Eddington

Ahrifamikil mynd þar sem afstæðiskenning Alberts Einsteins er skoðuð. Auk þess er samband hans við vísindamanninn Arthur Eddington tekið fyrir en hann varð fyrstur til að sýna kenningum Einsteins skilning.

Leikstjóri: Philip Martin
Aðalhlutverk: David Tennant, Richard McCabe og Patrick Kennedy

Ráttur 73% **IMDb** 7,2 **BÍÓ** 13.55



Hart of Dixie

Stórborgarstúlkan Zoe Hart er útskrifaður lækni. Þegar draumar hennar um að feta í fótspor föður síns sem hjartalækni fara í vaskinn flytur hún í smábæinn Bluebell. Þar tekur líf hennar miklum breytingum.

Höfundur: Leila Gerstein
Aðalhlutverk: Rachel Bilson, Jaime King og Cress Williams

IMDb 43/100 **IMDb** 7,7 **TV.com** 20.55



CSI: New York

Mac Taylor og félagar í tæknideild lögreglunnar í New York rannsaka tvö mannslát á íþróttafólki sem virðast tengjast. Tyggjó er þó eina augljósa samlíkingin með málinum.

Höfundur: Ann Donahue og Anthony E. Zuiker
Aðalhlutverk: Gary Sinise og Hill Harper

TV.com 8,7 **IMDb** 6,7 **IMDb** 22.00



The Newsroom

Þáttur um fréttaritara á kapalstöð sem einblínir aðeins á fréttir. Þeir gera hvað sem þeir geta til að vera með þéttan fréttapakka á hverjum degi en það er ekki auðvelt. Fyrir þeim fer fréttalesarinn Will McAvoy.

Höfundur: Aaron Sorkin
Aðalhlutverk: Jeff Daniels, Emily Mortimer and John Gallagher Jr.

IMDb 57/100 **IMDb** 8,7 **IMDb** 21.40

RÚV

- 15.30 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.50 Óskabarnið
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Doktor Ása (2:8) (Dr. Ása II) (e)
- Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Varasamir vegir – Alaska (1:3) (Dangerous Roads) Heimildamyndaflokkur frá BBC þar sem breskt frægðarfolk ekkur háskalegustu vegi heims. Í þessum þætti fara grínistinn Sue Perkins og ævintýramaðurinn Charley Boorman um Alaska.
- 21.05 Dans dans dans - Sigurdansar
- 21.15 Castle (32:34) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.05 Stundin (4:6) (The Hour) (e)
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

- 10.50 Daddy's Little Girls
- 12.30 Happily N'Ever After
- > 13.55 Einstein & Eddington
- 15.30 Daddy's Little Girls
- 17.10 Happily N'Ever After
- 18.35 Einstein & Eddington
- 20.10 A Fish Called Wanda
- 22.00 A Little Trip to Heaven
- 23.35 Stargate: The Ark of Truth
- 01.15 A Fish Called Wanda
- 03.05 A Little Trip to Heaven

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (10:22)
- 08.30 Ellen (39:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (20:175)
- 10.15 Wipeout USA (7:18)
- 11.00 Drop Dead Diva (4:13)
- 11.45 Falcon Crest (16:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (7:39)(8:39)(9:39)
- 15.45 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem sagt er frá því helsta sem gerðist í heimi fina og fræga fólksins.
- 16.30 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (40:170) Skemmtilegur spjallþáttur með Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (9:17) Leonard og Sheldon eru bestu vinir sem leigja saman. Þeir eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar.
- 19.45 Modern Family (7:24)
- 20.10 Glee (3:22) Fjórða þáttaröðin um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölu til að gera flottar sýningar. Tónlistin er alltaf í forgrunni auk þess sem við fylgjumst með hinum ólíku nemendum vaxa og þroskast í sönglistinni.
- 20.55 Fairly Legal (11:13) Lögfræðingurinn Kate Reed hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál. Henni virðist þó ekki takast að leysa deilurnar í sínu eigin lífi.
- > 21.40 The Newsroom (6:10)
- 22.40 Man vs. Wild (14:15)
- 23.25 Modern Family (22:24)
- 23.50 Anger Management (7:10)
- 00.15 Chuck (4:13)
- 01.00 Burn Notice (2:18)
- 01.45 Medium (7:13)
- 02.30 Fairly Legal (11:13)
- 03.15 The Feast of the Goat
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Spánn: Mallorca - Barcelona
- 17.40 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Dortmund
- 19.20 Spánn: Levante - Real Madrid
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Meistarad. Evrópu: fréttaröð
- 22.00 Spænski boltinn: Levante - Real Madrid
- 23.40 Rory McIlroy á heimaslóðum Golfþáttur þar sem sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Rory McIlroy og tekur við hann einlægt og áhugavert viðtal.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Liverpool
- 14.20 Southampton - Swansea
- 16.00 Aston Villa - Man. Utd.
- 17.40 Sunnudagsmessa
- 18.55 Premier League Review Show
- 19.50 Premier League World
- 20.20 Newcastle - West Ham
- 22.00 Premier League Review Show 2012/13
- 23.00 Football League Show
- 23.30 Being Liverpool Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dyrnar og sýna hvernig líf knattspyrnumanna er, innan vallar sem utan.

krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.25 Áfram Diego, áfram!
- 08.50 Dóddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Stubbarnir
- 09.35 Strumparnir
- 09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.20 Ævintýri Tinna
- 10.40 Histeria!
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 iCarly (38:45)
- 17.25 Xiaolin Showdown
- 17.50 Villingarnir

POP TIM

- 17.05 The Simpsons (1:22) Skuldum varfönginn vegna fjárhættuspils neyðist Hómer til að leyfa Feita-Tony að búa til klámmynd heima hjá sér. Hann sendir Marge og börnin í burtu á meðan en tökum á myndinni er ekki lokið þegar þau snúa aftur. Marge verður ævareið út í manninn sinn og fer að heiman.
- 17.30 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fina og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
- 18.15 Glee (19:22)
- 19.00 Friends (3:24)
- 19.20 The Simpsons (4:25)
- 19.45 How I Met Your Mother (10:22)
- 20.10 Step It up and Dance (10:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansararnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjórnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnin þáttanna.
- > 20.55 Hart of Dixie (10:22)
- 21.35 Privileged (13:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forriki fjölskyldu sem einkakennari tvíburastru sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
- 22.20 Step It up and Dance (10:10)
- 23.05 Hart of Dixie (10:22)
- 23.45 Privileged (13:18)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

- 18.15 Doctors (67:175)
- 19.00 Ellen (40:170)
- 19.45 Logi í beinni
- 20.30 Að hætti Sigga Hall (16:18)
- 21.00 Little Britain (5:6)
- 21.30 Hamingjan sanna (1:8)
- 22.15 Logi í beinni
- 22.55 Að hætti Sigga Hall (16:18)
- 23.25 Little Britain (5:6)
- 23.55 Hamingjan sanna (1:8)
- 00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn
- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfréttir
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfréttir
- 10.13 Stefnumót
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í næmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfréttir
- 12.50 Dánarfréttir
- 13.00 Hringrás
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Orð um bækur
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpsagan: Ljósá
- 15.25 Fólki og fræði
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Bak við stjórnumar
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Spegillinn
- 18.50 Veðurfréttir
- 18.53 Dánarfréttir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Okkar á milli
- 21.10 Ópus
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfréttir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Samfélagið
- 22.30 Albúmið: The Rise and fall of Ziggy Stardust and the Spiders from Mars
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dr. Phil (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 15.50 Parenthood (10:22) (e)
- 16.35 Minute To Win It (e)
- 17.20 Rachael Ray
- 18.05 Dr. Phil
- 18.45 My Generation (4:13) (e)
- 19.25 America's Funniest Home Videos
- 19.50 Will & Grace (24:24) (e)
- 20.15 Parks & Recreation (3:22) Leslie gefur loks út bók sína um smábæinn Pawnee en hræðileg villa við samningu bókarinnar ætlar að reynast henni fjötur um fót.
- 20.40 Kitchen Nightmares (5:17)
- 21.30 Sönn íslensk sakamál (4:8) Ný þáttaröð af einum vinsælustu en jafnframt umtöluðustu þáttum síðasta áratugar. Sönn íslensk sakamál fjalla á raunsannan hátt um stærstu sakamál síðustu ára. Hannes Helgason var myrtur á voveiflegan hátt í Hafnarfirði í ágústmánuði árið 2010. Nokkru síðar var morðingi hans, Gunnar Rúnar Sigurbórsson handtekinn. Athugið að atriði í þættinum eru alls ekki við hæfi barna.
- > 22.00 CSI: New York (13:18)
- 22.50 CSI (5:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30 Law & Order: Special Victims Unit (13:24) (e)
- 00.15 Secret Diary of a Call Girl (4:8) (e)
- 00.40 The Bachelorette (12:12) (e)
- 01.30 Blue Bloods (21:22) (e)
- 02.15 Parks & Recreation (3:22) (e)
- 02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 Children's Miracle Classic 2012 (4:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Children's Miracle Classic 2012 (4:4)
- 15.00 The Honda Classic 2012 (4:4)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Children's Miracle Classic 2012 (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 The Sport of Golf (1:1)
- 23.50 ESPN America

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
- 20.30 Golf
- 21.00 Frumkvöðlar
- 21.30 Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|----------------------|----------------------|---------------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

LÖGREGLAN

SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL

Morðið á Hannesi

mánudagskvöld 21:30

595 6000 – SKJARINN.IS

Komdu inn í hlýjuna!

Úrval af heilsudýnum, -koddum og dúnvörum!

Dorma-verð

Shape dýnur

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	58.900,-	83.900,-
90x200	65.900,-	97.900,-
120x200	85.900,-	121.900,-
140x200	99.900,-	143.900,-
160x200	114.900,-	163.900,-
180x200	129.900,-	181.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-
RÚM



12
Vaxtalaust
MÁNAÐA
AFBORGANIR

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkamanum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

Como tungusófi

Como tungusófi
kr. **129.000**

Takmarkað magn!

Verð aðeins
Como sófi 129.000
Skemill 29.900
Tveir litir



Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.

Nature's Comfort Pillowtop

Dorma-verð

Nature's Comfort
Pillowtop

Stærð cm.	Dýna	Með botni
120x200	77.900,-	113.900,-
140x200	87.900,-	131.900,-
160x200	89.900,-	147.900,-
180x200	107.900,-	159.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirflýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gagnheilar viðarlappir
- Steypтар kantstyrkingar

Aðeins kr.
13.097,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

DORMA
VERÐ



Vandaðar dúnvörur í miklu úrvali!

Shape Comfort
kr. 4.900,-

Allhliða heilsukoddi

MJÚKUR

Heilsukoddar

Shape Classic
kr. 5.900,-

Otrúlega þægilegur

ÞÉTTUR

Shape Original
kr. 8.900,-

Veitir réttan stuðning

STUÐNINGS
LAG



DÚN-
SÆNGUR
GOTT VERÐ
OG DÚN-
KODDAR

TRÖLLAsængin
kr. 13.900,-

★★★★★

140x200 cm

HLÝ OG
MJÚK

Dorma dúnkoddi
kr. 3.900,-

★★★★★

50x70 cm

DÚNDUR
KAUP



OPIÐ

Holtagörðum

Virka daga frá kl. 10-18

Laugard. frá kl. 11-16

DORMA

– býður góða nótt



Pöntunarsími

☎ 512 6800

www.dorma.is



„Það er að sjálfsgöðu Gangnam Style með Psy en við Vala, samstarfskona mín, hefjum vikuna alltaf á góðum dansi.“

Sesselja Vilhjálmisdóttir, einn hönnuða leiksins Kinwins.

Heillaðist af alíslensku hráefninu


„Hráefnið kveikti í mér og þetta var ekkert smá skemmtilegt verkefni,“ segir iðnhönnuðurinn Sigríður Heimisdóttir sem hefur hannað fylgihluta-, fata- og heimilislínu úr moka-kaskinni fyrir íslenska fyrirtækið Varma.

Í línunni er að finna allt frá hinum klassísku mokkalúffum sem margir Íslendingar þekkjá, til eldhúskolla með mokaasetu og vesta. „Mokka er hráefni sem er partur af arfleifð okkar. Það er vanmetið efni en það er oft svoléiðis með íslensk hráefni, eins og ullina og fiskinn sem við erum gjörn á að tala niður til,“ segir Sigríður og fullyrðir að hönnunarferlið hafi verið mjög skemmtilegt. „Ég vinn aðallega fyrir erlend fyrirtæki svo það var mjög áhugavert fyrir mig að fylgjast með ferlinu sem fer alfarið fram hér á landi, frá upphafi til enda.“

Sigríður er þekkt fyrir hönnun sína á heimilis- og húsbúnaðarvörum, meðal annars fyrir Ikea, en þetta var í fyrsta sinn sem hún tókst á við fatahönnun. „Ég ákvað að fá til liðs við mig fagfólk enda ekki mitt sérsvið. Það er því Helga Lúdvíksdóttir klæðskeri sem er konan á bak við sniðin.“

Aðspurð hver sé hennar uppáhaldshlutur úr línunni á Sigríður erfitt með að svara. „Það er mjög erfitt að gera upp á milli en í augnablikinu er ég í vestinu og það er svo hlýtt að það er eins og að vera í svefnpoka. Þannig að núna er það uppáhaldi.“

- áþ



HLÝTT Iðnhönnuðurinn Sigríður Heimisdóttir hefur hannað fylgihluta, fata- og heimilislínu úr moka-kaskinni fyrir Varma.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nytjamarkaður Mjódd

Nýopnaður í Mjóddinni



Opið þriðjudaga miðvikudaga og föstudaga kl 13-18

Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!

ALMENNI
LÍFEYRISJÓÐURINN



Á LEIÐ Á LÍFEYRI?

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum á fund í hádeginu miðvikudaginn 14. nóvember, farið verður yfir helstu viðfangsefni þeirra sem fara fljótlega á lífeyri.

- Hvað þarf að hafa í huga þegar taka lífeyris hefst?
- Hvaða ávöxtunarmiðni á að velja þegar starfslok nálgast?

Fundurinn verður haldinn í húsnæði sjóðsins í Borgartúni 25, 5. hæð. Skráðu þig á www.almenni.is

Burstamotta ABI®

ABI-Burstamottur



ABI10105 Burstamotta ABI m/álkanti
78,5cm x 47,5cm

Þessi burstamotta er ein sterkasta útmotta sem völ er á. Burstamir halda lögun sinni einstaklega vel, jafnvel á álagsmestu svæðum. Mottan er hönnuð til að þola mjög rýsjótt veðurfar eins og á Íslandi. Mottan kemur tilbúin með hallandi álkanti að framan.

Einnig mikið úrval af öðrum gerðum af úti- og innimottum í ýmsum stærðum.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



GOTT SAMSTARF

Dóri Andrésson og Jónas Valtýsson unnu saman að gerð plötuumslags fyrir tónlistarmanninn Pétur Ben.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓNAS VALTÝSSON OG DÓRI ANDRÉSSON: SÖKKTU PÉTRI BEN

Söngvarinn kaldur og þreyttur eftir myndatöku

Dóri Andrésson og Jónas Valtýsson hönnuðu umslag plötunnar God's Lonely Man með tónlistarmanninum Pétur Ben. Myndin á umslaginu sýnir söngvarann í kafi í sundlaug.

„Eftir að hafa fundað með Pétur um innihald og umfjöllunarefni plötunnar ákváðum við Jónas að sökkva honum í sundlaug og mynda hann á kafi. Við vorum ekki hundrað prósent vissir um hvað kæmi út úr tökunum og vorum meðal annars hræddir um að það myndi sjást í sundlaugabakkann eða að pösurnar myndu klúðrast,“ útskýrir Jónas þegar hann er spurður út í verkefnið.

Ákveðið var að mynda Pétur í Varmárlaug í Mosfellsbæ því að ofan í sundlauginni sjálfri

„Ég held að við höfum náð að toppa okkur með þessu umslagi.“

DÓRI ANDRÉSSON

er gluggi sem hentaði vel í tókurnar. Ljósmyndarinn Marino Thorlacius var síðan fenginn til að mynda söngvarann.

„Við erum báðir úr Mosfellsbæ og mundum eftir að þar var gluggi á einum sundlaugarveggnum sem hentaði frábærlega fyrir tókuna. Maður fer ofan í kjallarann og getur þá horft beint inn í sundlauginu. Við vorum þarna í eina tvo klukkutíma eftir lokun og mynduðum Pétur,“ segir Dóri.

Tökurnar gengu betur en Dóri og Jónas þorðu að vona og að þeirra sögn stóð Pétur sig með ágætum.

„Við vorum með aðstoðarmann sem hélt Pétur stöðugum á meðan hann var í kafi. Hann var orðinn nokkuð kaldur og þreyttur undir lokin enda voru þetta svolítill átök og mikil endurtekning,“ segir Dóri.

Dóri og Jónas hafa áður hannað plötuumslög hvor í sínu lagi en þetta er þeirra fyrsta samstarfsverkefni og líkaði þeim samstarfið vel. „Ég held að við höfum náð að toppa okkur með þessu umslagi og þetta er bara byrjunin á áframhaldandi samstarfi,“ segir Dóri.

sara@frettabladid.is

Redford framleiðir Aldingarð Ólafs

Hollywoodleikarinn, leikstjórinn og framleiðandinn Robert Redford undirbýr sjónvarpsþætti byggða á smásagnasafni Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Aldingarðinum. Erlendir miðlar fara mikinn í umfjöllun sinni um væntanlega þætti enda Redford ákveðinn gæðastimpill á verkefninu en hann er titlaður framleiðandi. Þættirnir bera heitið Valentines og verða sýndir á Sundance-sjónvarpsstöðinni. Ásamt Redford er Fred Berner framleiðandi en hann er meðal annars með myndir á borð við Pollock og sjónvarpsþættina Law and Order á ferilskránni.

The Hollywood Reporter, Variety og vefsíðan The Celebrity Coffeeshop.com eru meðal þeirra miðla sem fjalla um framleiðsluna en Valentines er einn af fimm sjónvarpsþáttum sem eru í bígerð hjá Sundance-stöðinni sem þykir vera í sókn þessa stundina.

Aldingarðurinn vakti athygli er hún kom út hér á landi árið 2006 og hlaut meðal annars Bókmenntaverðlaun Íslands. Bókin fjallar um tryggð, svik, ást og hamingju þar sem fylgst er með lögfræðingi í New York og þremur dætrum hans.



HEILLABUR AF ALDINGARÐINUM Robert Redford framleiðir sjónvarpsþætti upp úr smásagnasafni Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Aldingarðinum, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Íslands 2006.

TOM HANKS HALLE BERRY JIM BROADBENT HUGO WEAVING JIM STURGESS DOONA BAE BEN WHISHAW
JAMES D'ARCY ZHOU XUN KEITH DAVID DAVID GYASI MED SUSAN SARANDON OG HUGH GRANT



„Hvílík mynd! Hvílíkt dæmi um hvað kvikmyndaformið getur verið töfrandi og draumkennt.“

-Roger Ebert



„Það er leitun að kvikmynd sem grípur áhorfandann jafnstærkum tókum og Cloud Atlas.“

-Screenrant.com

„Þessi mynd er eins stór í sniðum og lífið sjálft.“

-Detroit News



„Stórmynd í orðsins fyllstu merkingu! Metnaðarfull, tilfinningarík og einstök á allan hátt.“

-T.V., Kvikmyndir.is

„Það mesta sem þú getur mögulega fengið fyrir verð eins bíómiða.“

-New York Times

„Ótrúleg leikfimi fyrir hugann sem skilar sér í stórkostlegri tilfinningalegri upplifun.“

-Variety

„Mynd áratugarins sem enginn má missa af!“

-Policymic.com

FRÁ HÖFUNDUM MATRIX OG LEIKSTJÓRA RUN LOLA RUN

CLOUD ATLAS

ALLT ER TENGT Á EINHVERN HÁTT
STÓRBROTIN KVIKMYNDAVEISLA - NÚ Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

SAK 11. DÍN
EGILSHÖLL

sena



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Snarar Ásgeiri yfir á ensku

Tónlistarmaðurinn **John Grant** er þessa dagana upptekinn við að snara textum laga Ásgeirs Trausta, af plötunni *Dýrd* í dauðabögn, yfir á ensku. Grant ljóstrar þessu upp á Facebook-síðu sinni þar sem einnig kemur fram að hann hafi mjög góða tilfinningu fyrir samstarfinu sem og að enskur framburður



Ásgeirs Trausta sé frábær. Það er því greinilegt að verið er að huga að útgáfu plötunnar utan landsteinanna enda ekki skrítið miðað við góðar viðtökur hér heima þar sem yfir sjö þúsund eintök af *Dýrd* í dauðabögn hafa nú selst.

30+ í tísku

Eins og sagði frá í helgarblaði Fréttarblaðsins spiluðu Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna á balli á laugardaginn þar sem aldurstakmarkið var 30 ár. Þetta var í fyrsta skipti sem þeir spila á balli með svo háu aldurstakmarki. Helgi og félagar voru þó ekki þeir einu sem fetuðu þessa braut á laugardaginn því poppkóngurinn **Páll Óskar** hélt álika ball í Stapnum í Reykjanesbæ á sama tíma. Páll Óskar lætur ekki þar staðar numið því á döfinni hjá honum er 30+ ball á Akureyri þann 1. desember auk þess sem hann leitar að stað til að halda slíkt ball í Reykjavík. Orðrómurinn um að þrítugsaldurinn sé hinn nýi tvítugsaldur fær klárlega byr undir báða vængi með þessu nýja aldurstakmarki á böll og virðist hreinlega vera komið í tísku að vera kominn yfir þrítugt.

- áþ, trs



Mest lesið **vísir**

- 1 Prófkjörin í gegnum tölfraði
- 2 Hús sprakk í tætlur
- 3 Erilsöm nótt hjá lögreglu - ætlaði að henda sér í sjóinn
- 4 Fluttu til Íslands til að hefja minkarékt í Skagafirði
- 5 Aftur varað við stormi

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA

1904



NÝ
KILJA

www.forlagid.is

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ATH!
AÐEINS
Í NOKKRA
DAGA!


MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM



50-60% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

VERDDÆMI!
RÚMTEPPI (240x260 CM)
Fullt verð 29.900 kr.
NÚ 11.960 kr.



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ALLURE

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 163.600 kr.

NÚ 89.900 kr.

45% AFSLÁTTUR!

ALLURE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tívhert sérvallid stál í gormum
- Styrktir kanter
- Þarf ekki að snúa



rekkjan

H E I L S U R Ú M